


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Bókhaldskerfi




Draumurinn að rætast
*Jóna Hildur Bjarnadóttir tekur þátt í Laugavegshlaupinu í fyrsta skipti um helgina en það hefur verið á stefnuskránni í þrettán ár.*
FÓLK




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
13. júlí 2012
163. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Vinsæll hjá stelpunum
*Siggi Hlö gaf út sína fjórðu safnplötu, Pottapartý, í síðustu viku. Siggi er sérstaklega vinsæll hjá kvenfólki landsins.*
fólk 30

## Ekki til sölu
*Haraldur Leví Gunnarsson gefur út margar vinsælustu hljómsveitir landsins.*
föstudagsviðtalið 10



## Þórsarar í banastuði
*Íslensku liðin stóðu sig með miklum sóma í Evrópudeild UEFA í gær.*
sport 26

## veðrið í dag




**VÍÐA LÉTTSKÝJAÐ** og fremur hægur vindur víða en bætir í vind með ströndum NA- og SV-lands. Hiti á bilinu 11 til 19 stig að deginum.
VEÐUR 4








**SALSADANSINN DUNAR Á AUSTURVELLI** Það var mikið um dýrðir á Austurvelli í gær en þá sveigðu menn og meyjar mjaðmir með suðrænum tilþrifum og hendur voru síður en svo með síðum. Það var SalsaIceland sem stóð fyrir hópdansinum og tóku allir vel við sér, eins og sjá má, nema hann Jón sem stóð stjarfur á sínum stalli og horfði til þings eins og hin versta boðflenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þingforseti segir hótel óboðlegt löggjafanum

**Nýjar byggingar í Kirkjustræti myndu þrengja verulega að þinginu og umferð yrði allt of mikil, segir forseti þingsins. Borginni hefur verið greint frá athugasemdum þingsins og forsætisnefnd mun fjalla um það á sumarfundi í ágúst.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég hef verulegar áhyggjur af þessum tillögum og því sem þær bera með sér gagnvart Alþingi. Það verður að taka tillit til löggjafans,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, um vinningstillögu í samkeppni um hótel í Landsímahúsinu gegnt þinginu. Hún hefur sent Reykjavíkurborg bréf þar sem athugasemdum þingsins við tillöguna er komið á framfæri. Þá hefur forsætisnefnd þingsins rætt málið og mun taka það fyrir á sumarfundi sínum í ágúst.

„Það er verið að færa byggingar alveg að Alþingisreitnum, alveg út í gangstétt. Þetta þrengir mjög að gömlu húsunum sem við höfum verið að gera upp á Alþingisreitnum og mun skyggja algjörlega á þau.“ Ásta Ragnheiður segist hafa fundað með borgaryfirvöldum áður en samkeppnin var haldin til að gera þeim grein fyrir afstöðu þingsins.

„En það hvarflaði aldrei að okkur að menn ætluðu að færa byggingarnar alveg ofan í skrifstofuhúsnæði þingsins. Hér í þessum gömlu húsum verður bara myrkur ef þetta verður að veruleika, sem löggjafinn getur vart sætt sig við.

> Hér í þessum gömlu húsum verður bara myrkur ef þetta verður að veruleika, sem löggjafinn getur vart sætt sig við.
>
> ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR
> FORSETI ALÞINGIS

Almennt er það þannig að þinghús hafa gott rými í kringum sig og það er ekki byggt ofan í þau. Ég held að við eigum að hafa það stolt gagnvart löggjafarsamkundunni að gefa henni gott rými og að þessi fallegu, gömlu hús fái að njóta sín. Það munu þau ekki gera ef þetta verður að veruleika.“

Ásta Ragnheiður segir annað áhyggjuefni vera umferðina á svæðinu. Nú þegar sé mjög mikil umferð um svæðið vegna fjölmargra hótela. „Það er geysileg umferð um Kirkjustræti og Aðalstræti og hér standa rútur, trukkar, háfjallabílar og bílaleigubílar þvers og kruss um allt og það er nánast ekki hægt að komast hér að. Mér finnst það ekki boðlegt löggjafanum að fá svona mikið byggingamagn á svæðið.“

Atburðir í nágrenni þinghúsa víða um heim hafa orðið til þess að meira hefur verið hugað að öryggismálum að undanförnu, að sögn Ástu Ragnheiðar. Þess vegna þurfi að vera auðveld aðkoma að húsinu og nefnir hún sem dæmi að á reitnum séu gömul og viðkvæm timburhús.

Rætt hefur verið um að Alþingi kaupi Landsímahúsið og noti undir skrifstofur. Ásta Ragnheiður segir þingið hafa skoðað ýmsar leiðir til að leysa húsnæðisvandann, en hún viti ekki betur en að eigendur hússins vilji bara reka þar hótel. **- þeb**






Sögulegir Ólympíuleikar:
## Sádar senda konur til keppni

**SÁDI-ARABÍA** Konur frá Sádi-Arabíu fá að keppa á Ólympíuleikunum í London. Þetta er í fyrsta sinn sem það er leyft og mun alþjóðlegum þrýstingi að þakka að því er kemur fram á fréttavef Kristilega dagblaðsins í Danmörku.

Sarah Attar keppir í 800 metra hlaupi en Wodjan Ali Seraj Abdulrahim Shahrkhani í júdó.

Forseti Alþjóðlegu Ólympíunefndarinnar, Jaques Rogge, fagnar þessari ákvörðun. **- ibs**

Lífseig kenning afsönnuð:
## Augun svíkja ekki lygarann

**VÍSINDI** Breskir vísindamenn segjast hafa afsannað þá kenningu að merkja megi lygar af augnagotum fólks.

Vísindamennirnir tóku upp myndband með sjálfboðaliðum þar sem þeir ýmist lugu eða sögðu satt. Síðan voru aðrir fengnir til að bera kennsl á lygarnar. Engin tengsl reyndust vera á milli lyga og augnagota.

Eftir sem áður sýnir rannsóknin að önnur hegðun lygara er ólík hegðun hinna sannsöglu. **- jse**

Rannsaka þarf áhrif makríls:
## Telja makríl skaða sjófugl

**SJÁVARÚTVEGUR** Á meðan fólk skemmtir sér við veiðar á makríl af bryggjunni í mörgum höfnum landsins leiða vísindamenn og veiðimenn líkum að því að ágangur makrílsins hér við land kunni að vera valdur að búsifjum sjófugla við Suður- og Vesturland.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir það brýnt að veita meiri fjármuni til sjávarrannsókna til að kanna áhrif makrílgöngunnar hér við land. Hann er þó ekki bjartsýnn því Náttúrustofa Suðurlands berst í bökkum vegna fjárskorts. **- jse / sjá síðu 8**




## SPURNING DAGSINS



*Jón, verður þú bráðum einn á báti?*

„Formaður fer ekki langt án þess að hafa réttu konuna.“

Jón Ragnar Daðason er eini nýliðinn í trébátasmíði á Íslandi. Jóni svíður hversu sinnulausir Íslendingar eru um gömlu bátana sína.

Niðurstöður könnunar á drykkjuvenjum Norðmanna vekja undrun:

# Eldri borgarar drykkfelldari en áður

**NOREGUR** Norskar konur og karlar eldri en 60 ára drekka nær tvöfalt meira en fyrir tíu árum. Þetta kemur fram í skýrslu vísindamanna við Tækni- og náttúruvísindaháskóla Noregs sem norska ríkisútvarpið vitnar í. Skýrslan byggir á niðurstöðum heilbrigðiskönnunar í Norður-Þrændalögum.

Morten Støver, einn vísindamannanna við háskólann, segir þessa miklu aukningu vekja undrun. Áður hafi komið í ljós að áfengisdrykkja hafi almennt aukist. Þessi könnun hafi hins vegar leitt í ljós að mesta aukningin hafi hlutfallslega verið hjá þeim sem eru eldri en 60 ára.

Samkvæmt könnuninni drekka Norðmenn mest af léttvíni. Á fréttavef Aftenposten er greint frá því að léttvínsdrykkja hafi aukist verulega frá 1997 til 2008.

Að sögn Støver kann aukið aðgengi að léttvíni, lítil verðhækkun og aukinn kaupmáttur að eiga þátt í aukinni drykkju. Hann telur einnig að fólk kunni að fylla tómarúmið að loknum starfsferli með víndrykkju.

Vísindamaðurinn hefur áhyggjur af þessari þróun og telur að eldri borgurum með áfengisvanda eigi eftir að fjölga þegar næsta kynslóð verður eldri. **- ibs**



**LÉTTVÍN** Léttvínsdrykkja Norðmanna hefur aukist verulega.

Endurvinnsla í Ísafjarðarbæ:

## Íbúar verða að flokka betur

**ENDURVINNSLA Henda þurfti nokkrum tonnum af endurvinnanlegu efni í Ísafjarðarbæ í síðustu viku vegna þess hve illa hafði verið staðið að flokkun í endurvinnslutunnur.**

**Pappírsefnum þurfti meðal annars að henda því vond lykt og jafnvel maðkur var kominn í pappann.**

**Mikið magn af matarafgöngum og öðru heimilissorpi var á endurvinnsluefninu og það skemmdi út frá sér með þessum afleiðingum. -ktg**

Veðurfræðingar í Belgíu:

## Mögulega stefnt vegna slæmrar spár

**BELGÍA** Fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja við strönd Belgíu eru svo vonsviknir yfir langtímaveðurspá að þeir íhuga að draga veðurstofuna Météo Belgique fyrir dómstóla.

Samkvæmt veðurspánni, sem birt var í kvöldblaðinu Het Laatste Nieuws, var því slegið föstu að í júlí færi hitinn yfir 25 stig í aðeins fimm daga. Því var jafnframt spáð að veðrið yrði verulega slæmt fyrri helming ágústmánaðar, að því er segir á fréttavef Sænska dagblaðsins.

Fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækjanna segja veðurspána hafa leitt til fjölda afbókana á hótelum á mörgum stöðum við strönd Belgíu. **- ibs**

Rannsókn á stjórn háskóla:

## Héldu hlífiskildi yfir barnaníðingi

**BANDARÍKIN Fjórir stjórnendur Penn State-háskólans í Bandaríkjunum héldu árum saman hlífiskildi yfir þjálfaranum Jerry Sandusky sem beitti að minnsta kosti átta unga drengi kynferðislegu ofbeldi.**

**Þetta eru niðurstöður rannsóknar Louis Freeh, fyrrverandi yfirmanns bandarísku alríkislögreglunnar. Rannsóknina gerði Freeh fyrir háskólann.**

**Sandusky var í fyrra dæmdur í 442 ára fangelsi fyrir afbrot sín sem stóðu yfir í um fimmtán ára skeið. Samkvæmt ákæruvaldinu nauðgaði þjálfarinn einum drengjanna 100 sinnum. Hann neitaði sök en kvaðst hafa farið í bað með drengjunum og faðmað þá. -ibs**





**SKEMMDIR VIÐ ÞINGVALLAVEG** Margir vörðusmiðir virðast ekki hugsa út í að velja sér ekki steina sem eru fastir í gróðurhulu landsins og skilja því eftir sig ljót sár eins og hér má sjá við Þingvallaveg. MYND/INGÓ HERBERTSSON

# Segir vörður skemma náttúru og stemningu

**Vegfarendur sem hlaðið hafa fjölmargar vörður ofan við Þingvallavatn hafa valdið tjóni með því að rífa upp steina úr grónu landi. Reyndur leiðsögumaður segir ástandið í þessum efnum hafa versnað til muna víða um land síðustu árin.**

**UMHVERFISMÁL** „Náttúran er ekki ósnortin lengur því þar eru allar þessar fjandans vörður,“ segir Ingó Herbertsson leiðsögumaður, sem telur þann sið ferðalanga að hlaða vörður út um hvippinn og hvappinn vera til mikillar óþurftar.

Fréttablaðið birti í síðustu viku forsíðumynd af vörðum sem ferðalangar hafa hlaðið við útsýnisstað þar sem Þingvallavegur liðast ofan af Mosfellsheiði. Ingó bendir á að þessar framkvæmdir skilji eftir sig ljót ör þegar fólk taki steina sem fastir séu í jarðvegi. Ekkert í náttúruverndarlögum bannar hleðslu varða á víðavangi nema þá ef með framkvæmdinni séu unnar skemmdir á friðuðum gróðurtegundum eða bergmyndunum.

„Þetta skemmir engu að síður náttúruna. Þetta er því miður svona alls staðar,“ segir Ingó sem kveðst hafa verið leiðsögumaður í yfir þrjátíu ár og ferðast um landið fimm til sex mánuði á ári. Fyrstu tvo áratugina á leiðsögumannsferli hans hafi vörðugerð ekki verið vandamál en nú séu sprottnar upp vörður út um allar trissur, til dæmis við þjóðveginn á hálendinu milli Mývatns og Egilsstaða, einmitt þar sem gróður er afar viðkvæmur.

> Þetta minnir á þegar fólk krotar á húsveggi í Reykjavík: Ég var hérna!
>
> INGÓ HERBERTSSON
> LEIÐSÖGUMAÐUR

„Þetta byrjaði í kringum 2000 og hefur versnað frá ári til árs síðan,“ segir Ingó og undirstrikar að vandamálið felist ekki eingöngu í gróðurskemmdum. „Fyrir utan þessar holur þar sem verið er að skemma náttúruna þá eyðileggur þetta andrúmsloftið.“

Dæmi um þetta segir Ingó vera Djúpalónssand á sunnanverðu Snæfellsnesi. Hann sé einn af fáum stöðum þar sem enn megi tala um ósnortna náttúru en núna sé ströndin iðulega full af vörðum.

„Þetta minnir á þegar fólk krotar á húsveggi í Reykjavík: Ég var hérna! Það er einhver þörf fyrir að láta allan heiminn vita að viðkomandi hafi verið á þessum stað. Það er ekki verið að skemma gróður á svona strönd en hún er ekki lengur sá ósnortni staður sem var einu sinni verið að reyna að selja,“ segir Ingó.

Þá segist Ingó óttast að borgarbörn í Reykjavík sem hafa kannski ekki ferðast mikið um landið fari að halda að vörðugerð sé hið besta mál. „Þá fara íslenskir fjölskyldufeður líka að kenna börnum sínum að hlaða vörður því það er í tísku,“ segir leiðsögumaðurinn.

**gar@frettabladid.is**

## Björn Friðfinnsson látinn

Björn Friðfinnsson, lögfræðingur og fyrrverandi ráðuneytisstjóri, lést þann 11. júlí. Hann var 72 ára gamall.



Björn var ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneyti, sameinuðu viðskipta- og iðnaðarráðuneyti og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hann var einn framkvæmdastjóra ESA, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá gegndi hann meðal annarra starfa starfi bæjarstjóra á Húsavík og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann kenndi við Háskóla Íslands og var virkur í félagsmálum.

Eftirlifandi eiginkona Björns er Iðunn Steinsdóttir, kennari og rithöfundur. Þau áttu þrjú börn og ellefu barna- og barnabarnabörn.

### DÓMSTÓLAR

**Skilorð fyrir ofbeldi**

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt 57 ára konu í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að brjóta rúður í húsi nágranna sinna og ráðast svo á lögreglumenn sem komu á vettvang. Konan á afbrotaferil að baki.

### RÚSSLAND

**Geimfar fer á loft**

Rússneska geimfarinu Soyuz verður skotið á loft í borginni Baikonur í Kasakstan á sunnudag. Þetta verður í 114. skipti sem Soyuz-geimferju er skotið á loft en flaugarnar voru hannaðar á sjöunda áratug síðustu aldar. Þriggja manna áhöfn verður um borð, Bandaríkjamaður, Rússi og Japani. Leið geimfarsins liggur í Alþjóðlegu geimstöðina.






Leit að fjórum fjallgöngumönnum hætt vegna veðurs í gærkvöldi:

# Níu látnir eftir snjóflóð í Ölpunum

**FRAKKLAND, AP** Níu eru látnir eftir að snjóflóð féll í Mont Blanc í frönsku Ölpunum í gær. Ellefu slösuðust og fjögurra var enn saknað í gærkvöldi.

Flóðið varð snemma í gærmorgun, þegar hópur fjallgöngumanna var á ferð þar. Talið er að fjallgöngumaður hafi valdið því að flóðið fór af stað, en nokkrir náðu að komast undan því. Mikið hafði snjóað við vinsælar gönguleiðir í kringum Mont Blanc í illviðri fyrr í sumar. Yfirvöld á staðnum höfðu varað göngumenn við því að óvenjulega mikið hefði snjóað þar í vor.

Þrír Bretar, þrír Þjóðverjar, tveir Spánverjar og einn Svisslendingur létust í fjallinu, að sögn yfirvalda í fjallabænum Chamonix. Fólkið var allt vant fjallgöngum.

Innanríkisráðherra Frakklands, Manuel Valls, flaug yfir svæðið seint í gær. Hann sagði snjóþungann hafa gert leitarmönnum erfitt fyrir, en leit að hinum týndu var hætt í gærkvöldi vegna veðurs. Leitinni verður haldið áfram í dag. **- þeb**



**KOMIÐ MEÐ FÓRNARLÖMB** Leitarmenn fundu níu látna í fjallinu í gær, en einnig voru ellefu fluttir á sjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SPARIÐ 3.000

800 mm
5,90 kg

905-11-1008

FULLT VERÐ: 12.990

# 9.990

**BAHAMA TJALD**
Frábært 4 manna tjald með góðu fortjaldi úr vönduðu polyester efni.
Góður frágangur á saumum svo að bleyta nái ekki inn. Límdir saumar.
Sterkur vatnsheldur botn og sterkar fíberstangir.
Stærð: (210 + 200) x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm². Þyngd: 5,9 kg.



FRÁBÆRT VERÐ!

3738500

**BRESCIA SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur
sólstóll úr stáli og sterkum
striga.

FRÁBÆR STÓLL

SÓLSTÓLL

# 6.995



MEÐ GLUGGUM

SKJÓLTJALD FULLT VERÐ 7.995

# 4.995

SPARIÐ 3.000

ÚTILEGUBORÐ

# 2.995

SÓLSTÓLL

# 1.995

**DELUXE SKJÓLTJALD, ÚTILEGUBORÐ OG ÚTILEGUSTÓLL**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum.
Hælar og stangir fylgja með. Stærð: 4,0 x 1,4 m. 7.995
Útileguborð með stillanlegri borðplötu. Stærð: 60 x 80 sm. 2.995
Útilegustóll úr hvítlakkaðri röragrind með röndóttu áklæði. 1.995

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Stærð: 76 x 191 x 22 sm. **1.695**
Stærð: 137 x 191 x 22 sm. **3.495**
Stærð: 152 x 201 x 22 sm. **4.495**
Stærð: 183 x 201 x 22 sm. **5.995**

INTEX



VINDSÆNGUR VERÐ FRÁ:

# 1.695



1000 mm
2,00 kg

3 MANNA TJALD

# 4.995

**ETNA TJALD**
Gott 3 manna tjald.
Þéttur botn
úr polyester.
Þéttleiki: 1000 mm/cm².
Stærð: 210 x 210 x 130 sm.
Þyngd: 2,0 kg.



2 FYRIR 1

2 STK.

# 499

**EINNOTA GRILL**
Gott einnota grill á góðu verði.
Stærð: 31 x 24 x 4 sm. 1 stk. **499**



**ÚTILEGU-STÓLAR**
Mikið úrval af
flottum úti-
legustólum á
frábæru verði!
Komdu og
skoðaðu
úrvalið!

ÚTILEGUSTÓLL

# 1.395



**PISA LUX ÚTILEGUSTÓLL**
Lúxus útilegustóll með
örmum, glasahaldara
og auka bólstrun.
Hægt að
leggja saman.
Taska fylgir.

ÚTILEGUSTÓLL

# 3.995

OPEN AIR



VERÐ FRÁ:

# 1.295

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C

**TARTU SVEFNPOKI**
Svefnpoki á frábæru verði!
Stærð: 220 x 74 sm. Þyngd:
840 gr. Má þvo í vél.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA TIL 15.07.12

**GENGIÐ 12.07.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,66 | 129,28 |
| Sterlingspund | 198,77 | 199,73 |
| Evra | 156,75 | 157,63 |
| Dönsk króna | 21,074 | 21,198 |
| Norsk króna | 20,974 | 21,098 |
| Sænsk króna | 18,272 | 18,38 |
| Japanskt jen | 1,6217 | 1,6311 |
| SDR | 192,84 | 193,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,6861

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Iðnaðarráðherra segir að tekist hafi að hækka raforkuverð hjá Landsvirkjun:

# Ekki tilefni til verðlækkunar

**VIRKJANAMÁL** Steingrímur J. Sigfússon iðnaðarráðherra telur ekki tilefni til að endurskoða verðstefnu Landsvirkjunar varðandi raforku. Fréttablaðið sagði frá því í gær að raforkuverð hefði lækkað víða um heim, einkum í Bandaríkjunum, og stóriðjufyrirtæki væru að hugleiða enduropnun lokaðra verksmiðja.

Steingrímur segir verðmyndunina algjörlega í höndum Landsvirkjunar. „Það stendur ekki til að grípa fram fyrir hendurnar á Landsvirkjun í gamla stílnum,“ segir Steingrímur. Samningar um raforku eigi að vera á viðskiptalegum forsendum. Iðnaðarráðherra segir Landsvirkjun fullfæra um að meta stöðuna og sækja hærra verð með samningum. Það hafi tekist og undanfarin ár hafi náðst hærri samningar en áður hafi sést. „Við erum á leið í þá átt að ná í hluta af þeim mikla verðmun sem var á raforku hér og annars staðar.“



**Á ÁRSFUNDI LANDDSVIRKJUNAR** Steingrímur segir verðstefnu Landsvirkjunar, um að vera 30 til 50% undir Evrópumarkaði skynsamlega.

Steingrímur segir stefnu Landsvirkjunar um að vera 30 til 50 prósentum undir markaðsverði í Evrópu skynsamlega. „Við þurfum ekki að fara á taugum þó raforkuverð í Bandaríkjunum lækki tímabundið vegna offramboðs. Við verðum að reyna að læsa inni í hagkerfinu sem mest af þessari auðlind eins og öðrum. Það er engin þörf á stefnubreytingu hvað þetta varðar.“ **- kóp**

Veiðibann á svæði B:

# Strandveiðar verða stöðvaðar

**SJÁVARÚTVEGUR Strandveiðar á svæði B, sem nær frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps í Eyjafirði, verða bannaðar frá og með næsta þriðjudegi.**

**Mikil óánægja er meðal sjómanna á svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi, vegna misskiptingar en þar kemur minnst í hlut hvers báts.**

**Á fréttavefnum Skutli segir frá því að Jónas Ragnarsson frá Súðavík hyggist kæra þessa mismunun til umboðsmanns Alþingis.**

Vekur aðdáun fyrir vernd laxa:

# Frakkar heiðra Orra Vigfússon

**VIÐURKENNING Sendiherra Frakklands, Marc Bouteiller, afhendir Orra Vigfússyni heiðursorðuna Chevalier du Mérite agricole, á þjóðhátíðardegi Frakklands á morgun.**



ORRI VIGFÚSSON

**Orri hlýtur viðurkenninguna fyrir mikið starf síðastliðin tuttugu ár til verndar villta laxastofninum og að beita sér fyrir því að koma ám í Frakklandi í náttúrulegt horf.**

**„Færni hans sem samningamaður og sannfæringarkraftur hafa vakið aðdáun,“ segir Marc Bouteiller.**

**- sh**

Ófyrirleitin áætlun morðingja:

# Amagermaður áfrýjar ekki

**DANMÖRK** Marcel Lychau Hansen, einnig kallaður Amagermaðurinn, sem var í vetur dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir tvö morð og fjölda nauðgana, hyggst ekki áfrýja dómi sem hann fékk fyrir skemmstu.

Á meðan á fyrra dómsmálinu stóð komst upp um samsæri Hansens og sonar hans. Hansen smyglaði sæði út úr fangelsinu og ætlaði syninum að ráðast á konu og koma sæðinu fyrir á henni. Með því hugðist Hansen grafa undan málarekstri gegn sér, sem að mestu byggðist á lífsýnum.

Sonurinn lét þó ekki af verða. Málið komst upp og Hansen var dæmdur sekur og sættir sig við dóminn. **- þj**

# Vilja fá að framleiða ógerilsneydda osta

**Samtökin Beint frá býli hafa óskað eftir því að fá að framleiða osta úr ógerilsneyddri mjólk. Formaður segir að í ljósi reglugerðar sem heimilar innflutning í litlu magni sé um réttlætismál að ræða. Ráðherra útilokar ekki reglubreytingu.**

**LANDBÚNAÐUR** Beint frá býli, félag bænda sem stunda sjálfstæða sölu eigin afurða, hefur óskað formlega eftir því við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að framleiðsla osta úr ógerilsneyddri mjólk verði heimiluð í takmörkuðu magni.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrr í vikunni er fólki nú leyfilegt, samkvæmt nýrri reglugerð, að flytja með sér til landsins allt að einu kílói af ostum unnum úr ógerilsneyddri mjólk. Hins vegar er enn í gildi bann við innlendri framleiðslu afurða úr slíkri mjólk.

„Það skýtur skökku við ef menn leyfa innflutning og maður spyr sig þá hvort erlenda ógerilsneydda mjólkin sé öruggari en sú innlenda,“ segir Guðmundur Jón Guðmundsson, formaður Beint frá býli, í samtali við Fréttablaðið og bætir því við að fátt bendi til þess að innlenda mjólkin sé hættuleg.

„Ég veit ekki til þess að það séu nokkuð meiri afföll á sveitafólki sem drekkur mjólkina sína en þéttbýlisfólki sem drekkur gerilsneydda mjólk. Það er ekki landlægur bráðadauði hjá þeim.“

Guðmundur segir málið ekki snúast um að fjöldi bænda hyggist fara út í framleiðslu á ostum úr ógerilsneyddri mjólk. Um réttlætismál sé að ræða.

„Okkur finnst eðlilegt að fá að sitja við sama borð og hinir. Fyrst búið er að leyfa innflutninginn, er í mínum huga því ekki spurning um hvort þetta verður leyft heldur hvenær. Í nútímaþjóðfélagi eru hlutirnir ekki gerðir svona.“

Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra landbúnaðarmála, segir aðspurður um stöðu þessara mála að þau séu einmitt til umræðu í ráðuneytinu þessa dagana.

„Það væri hægt að færa rök fyrir því að leyfa framleiðslu á þess konar ostum, en þá yrði gerður greinarmunur á sölu á almennum markaði annars vegar og þessum minni einingum hins vegar,“ segir Steingrímur.

„Það yrði þó að stíga varlega til jarðar vegna heilbrigðissjónarmiða. Fljótt á litið gæti þetta þó komið til greina, enda væri neytendum þá gerð skýr grein fyrir innihaldi vörunnar.“

**thorgils@frettabladid.is**



**Í FJÓSINU** Bændur sem fullvinna og selja eigin afurðir vilja fá heimild til að framleiða osta úr ógerilsneyddri mjólk. Myndin af þessum fallegu gripum tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Neytendasamtökin fagna nýjum reglum

Neytendasamtökin fagna breytingu á reglugerð þar sem dregið er úr innflutningshömlum á landbúnaðarvörur. Þar segir meðal annars:

„Nú er ferðamönnum heimilt að flytja til landsins allt að einu kílói af ógerilsneyddum osti og allt að þremur kílóum af hráu kjöti sé það frosið og prófað fyrir salmónellu. […] Þetta er skref í rétta átt þótt ekki sé það stórt.

Þá er einnig undirstrikað að eðlilegt sé að heimila innlenda framleiðslu á ógerilsneyddum ostum, undir ströngu eftirliti þó.“

> Ég veit ekki til þess að það séu nokkuð meiri afföll á sveitafólki sem drekkur mjólkina sína en þéttbýlisfólki sem drekkur gerilsneydda mjólk.
>
> **GUÐMUNDUR JÓN GUÐMUNDSSON** FORMAÐUR BEINT FRÁ BÝLI



**STRÆTÓ** Meirihluti seldra fargjalda fer í gegnum söluvef Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Markaðsherferð vekur athygli:

# Strætó tilnefnt fyrir herferð

**SAMGÖNGUMÁL** Strætó bs. var tilnefnt til markaðsverðlauna samgöngufyrirtækja á ráðstefnu fyrirtækja í almenningssamgöngum á Norðurlöndunum sem haldin var í Kaupmannahöfn í síðasta mánuði.

Tilnefninguna hlaut Strætó fyrir markaðsherferð sína undir nafninu „33% meira á netinu“ sem sneri að sölu fargjaldakorta á netinu í fyrra. Verðlaunin komu þó í hlut Sydtrafik í Danmörku fyrir markaðsherferð vegna umræðutorgs um þjónustu fyrirtækisins. **- mþl**

Stjórnvöld ráða fólki frá flótta:

# Hundruð flýja til Svíþjóðar

**SVÍÞJÓÐ Stjórnvöld í Bosníu og Hersegóvínu og Svíþjóð vinna nú saman að því að ráða fátækum Bosníumönnum frá því að flytja til Svíþjóðar. Undanfarna mánuði hafa um 700 flóttamenn frá vesturhluta Balkanskaga komið á langferðabifreiðum til Svíþjóðar.**

**Fátækir karlar frá Króatíu og Albaníu hafa áður komið í hópum til Svíþjóðar. Nær enginn þeirra hefur uppfyllt skilyrði þess að fá hæli í Svíþjóð.**

**Mikilvægt þykir fyrir stjórnvöld í Bosníu að ferðafrelsið til Schengen-landa verði ekki misnotað. Slíkt gæti haft áhrif á ESB-umsókn Bosníumanna.** **- ibs**


**Er vagninn rafmagnslaus?**



**Frístunda rafgeymar í miklu úrvali**

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

**Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is**


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**LÍTIL ÚRKOMA** er í kortunum næstu daga en þó má búast við skúrum síðdegis á morgun. Á sunnudag lítur svo út fyrir rigningu um tíma allra austast. Annars má gera ráð fyrir björtu veðri næstu daga eða a.m.k. björtu með köflum.



**Á MORGUN** fremur hægur vindur víða um land.

**SUNNUDAGUR** Strekkingur austast á landinu annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 19° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 31° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 17° |
| París | 20° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*







**Lambahelgarsteik**
í bláberjakryddlegi




**Nautagrillsteik**
kryddlegin




**Kjúklingabringur**
Texas og hvítlauks & rósmarín




**Kjúklingaleggir**
í Texas kryddlegi



GRILLBAKKAR
**TILBÚNIR**
**Á GRILLIÐ**

- Marinerað grænmeti
- Kryddaðir kartöflustafir
- Bakaðar kartöflur
- Belgísk vaffla
- Buffaló kjúklingavængir
- Maísstönglar
- Sætar kartöflur




TILBOÐ
GOODFELLA'S PIZZUR
449 kr/stk.
Verð áður 599.-




TILBOÐ
BBQ & BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR
449 kr/pk.
Verð áður 697.-

NÝTT




SÍRIUS SÚKKULAÐI KEX
799 kr/pk.



TILBOÐ
SKÚFFUKAKA
399 kr/stk.
Verð áður 509.-

**AMINO ENERGY**
Orka fyrir æfingar eða yfir daginn. Inniheldur grænt te og grænt koffín. Vatnslosandi og eykur fitubrennslu.




TILBOÐ
AMINO ORKUDUFT
20%
afsláttur v/kassa

HOMEBLEST & TOFFYPOPS TILVALIÐ Í FERÐALAGIÐ!




DON SIMON 100% FERSK-PRESSAÐIR SAFAR. EKKI ÚR ÞYKKNI!




TILBOÐ
DON SIMON ÁVAXTASAFAR
299 kr/stk.
Verð áður 309.-

NÝTT
FANTA LEMON
FANTA EXOTIC




**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri
24 Hagkaup

Gildir til 15. júlí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú komið með erlenda matvöru inn til landsins?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,1% |
| NEI | 48,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Flokkar þú sorp?*

Segðu þína skoðun á Visir.is. vísir

Sjálfstæðismenn í borgarráði segja ásýnd Reykjavíkur líða fyrir vanrækslu yfirvalda:

# Lágmark að halda illgresi í skefjum

**REYKJAVÍKURBORG** „Það er lágmarkskrafa að sá meirihluti sem hér er við völd standi undir því einfalda verkefni að láta slá græn svæði í borginni og halda illgresi í skefjum,“ segir í bókun sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram á borgarráðsfundi í gær.

Sjálfstæðismenn sögðu grasslátt og almenna umhirðu á opnum grænum svæðum og við umferðargötur í borginni langt frá því að vera viðunandi. Lögðu þeir til að strax yrði gert átak í því að koma þessum málum í betra horf.

„Ástandið er hreinlega ekki boðlegt. Borgarbúar sinna sínu nærumhverfi en borgin, sem alltaf hefur verið til fyrirmyndar, er nú orðin að slugsara. Það gengur ekki og þess vegna lögðum við fram tillögu um að gert yrði strax átak í þessum málum,“ sögðu sjálfstæðismenn sem kváðu augljóst að betur væri staðið að þessum málum í nærliggjandi sveitarfélögum. „Nú er svo komið að víða í borginni er arfi, úr sér vaxið gras og almenn óhirða orðin svo áberandi að ásýnd borgarinnar líður verulega fyrir.“

Afgreiðslu tillögunnar var frestað í borgarráði í gær. **- gar**



**UMFERÐAREYJA Í LÖNGUHLÍÐ** Óræktin virðist víða vera að ná undirtökunum á opnum svæðum í borgarlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Besti leikjaframleiðandinn:

# CCP slær risum við í Evrópu

**VIÐSKIPTI** CCP voru veitt í fyrradag hin virtu Develop Awards-verðlaun og hlutu þar með þann heiður að vera valinn besti sjálfstæði leikjaframleiðandinn í Evrópu. Eldar Ástþórsson, fjölmiðlafulltrúi fyrirtækisins, segir verðlaunin hafa heilmikla viðurkenningu fyrir CCP, enda séu þungavigtarmenn í tölvuleikjaiðnaðinum í dómnefndinni.

Afhending fór fram á Hilton Metropol-hótelinu í Brighton að viðstöddum 550 manns frá 150 fyrirtækjum. **- jse**






# Gert að opna fyrir styrki til Wikileaks

**Héraðsdómur Reykjavíkur skikkar Valitor til að að opna á greiðsluþjónustu Datacell, sem innheimtir fjárframlög til Wikileaks. Á annars yfir höfði sér dagsektir eftir tvær vikur. Talsmaður Wikileaks segir dóminn ákaflega mikilvægan.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur gert kortafyrirtækinu Valitor að opna að nýju svokallaða greiðslugátt fyrirtækisins Datacell, sem tekur við styrkjum hvaðanæva að úr heiminum fyrir uppljóstraravefinn Wikileaks.

Samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms skal Valitor, umboðsaðili Visa á Íslandi, opna fyrir greiðsluþjónustuna innan tveggja vikna, ella leggjast 800 þúsund króna dagsektir á fyrirtækið.

Wikileaks samdi við Datacell um að taka við fjárframlögum til vefsíðunnar fyrir tveimur árum. Fyrst um sinn notaðist Datacell við þjónustu dansks kortafyrirtækis en þegar öll stærstu kortafyrirtæki veraldar lokuðu á greiðsluþjónustu við Wikileaks fylgdi hið danska í kjölfarið. Það var þá sem Datacell sneri sér til Valitor á Íslandi og gerði samning við fyrirtækið.

Greiðsluþjónustan hafði aðeins verið virk í nokkrar klukkustundir þegar Valitor lokaði á hana og rifti samningnum með vísan til þess að forsendur samningsins væru brostnar. Valitor hefði ekki haft hugmynd um að til stæði að innheimta greiðslur til þriðja aðila og ekki hefði verið kveðið á um það í samningnum, auk þess sem alþjóðleg greiðslukortafyrirtæki leyfðu ekki slíka þjónustu.

Niðurstaða Héraðsdóms er hins vegar sú að forsvarsmenn Valitor geti ekki hafa dulist til hvers Datacell ætlaði að nýta greiðslugáttina, enda hafi margoft verið fjallað um það opinberlega að fyrirtækið þjónustaði Wikileaks.

Valitor hafi ekki fært fram nein rök eða gögn fyrir því að sér hafi verið óheimilt að taka við framlögum til Wikileaks og ekki heldur sýnt fram á að það sé ósamrýmanlegt viðskiptastefnu kortafyrirtækja að taka við framlögum til Wikileaks. Því hafi verið ólöglegt að rifta samningnum.

Wikileaks fagnaði niðurstöðunni í yfirlýsingu sem send var fjölmiðlum um allan heim í gær. „Þetta er náttúrulega feikilega ánægjuleg niðurstaða og ákaflega mikilvæg fyrir okkur í Wikileaks,“ sagði Kristinn Hrafnsson, talsmaður WikiLeaks, við Stöð 2 í gær.

Sambærileg málaferli standa fyrir dyrum víða um heim og þar hyggjast forsvarsmenn Wikileaks byggja á dómi Héraðsdóms.

„Það má segja að réttlætið hafi sigrað og það er dálítið sérstakt að það sé lítill dómstóll í Reykjavík að setja mönnum svona stólinn fyrir dyrnar og stöðva þessi alþjóðlegu kortafyrirtæki í því að hamla málfrelsinu,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Datacell.

Málinu er þó ekki lokið því að Valitor hyggst áfrýja dómnum til Hæstaréttar. Það telur Sveinn Andri algjörlega óþarft, enda sé niðurstaða Héraðsdóms mjög sannfærandi. **- sh / jmg**



**FULLTRÚAR WIKILEAKS** Kortafyrirtækin lokuðu á þjónustu við Wikileaks eftir að vefurinn birti ógrynni skjala sem fengin voru úr bandarísku utanríkisþjónustunni. NORDICPHOTOS/AFP


PÓSTURINN

## Bílstjóri og dreifing á Snæfellsnesi

Íslandspóstur óskar eftir að ráða í 100 % framtíðarstarf á Snæfellsnesi. Einnig kemur til greina að ráða í tvær 50% stöður.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf. Getur hentað aðila sem er búsettur í Stykkishólmi, Grundarfirði eða Ólafsvík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast sendar á netfang: ragnheidurv@postur.is
Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2012



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag


**HVER ÞREMILLINN!**

Sendið okkur myndir og upplýsingar um sóðaskap, hirðuleysi, slysagildrur og fleira. *thremillinn@frettabladid.is*

# Húseiningar standa á víðavangi

Húseiningar hafa um nokkra hríð staðið við Reykjanesbraut. Einingarnar eru á nokkuð áberandi stað enda blasa þær við vegfarendum sem keyra Reykjanesbrautina.

Einingarnar eru þó ekki á veginum sjálfum heldur eru þær á hverfisvegi sem liggur samsíða Reykjanesbrautinni. Þær eru því ekki fyrir umferð.

Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum, segir einingarnar hafa staðið við veginn í rúma viku, en sjónarvottur fullyrðir hins vegar að þær hafi verið þar mun lengur. Ásgeir segir einingarnar eiga sér eðlilegar skýringar.

„Það er verið að byggja þarna hús í hrauni þannig að þetta eru erfiðar aðstæður. Væntanlega hefur þetta verið eina jafnsléttan sem þeir hafa fundið til þess að tylla einingunum á.“

Hann segir biðina eftir að húseiningarnar verði fjarlægðar eðlilega. Það þurfi að steypa plötuna í húsinu á sama tíma og einingarnar séu settar á sinn stað. „Við bara göngum út frá því að það muni gerast einhverja þessa dagana fyrst einingarnar eru komnar á staðinn og búið er að taka til lagnir. Þannig að þetta mál er bara í eðlilegum farvegi. **- ktg**



**SÉÐ FRÁ REYKJANESBRAUT** Húseiningarnar blasa við frá Reykjanesbrautinni og líkjast helst listaverki sem hefur verið komið þarna fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

STEFNIR

# Ávöxtun *sjóða* Stefnis



| Sjóður | Nafnávöxtun 1 ár* | 2 ár* | 3 ár* | 4 ár* | 5 ár* | Árleg nafnávöxtun frá stofnun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Blandaðir sjóðir** | | | | | | |
| Stefnir Samval[1] | **16,2%** | 13,6% | 13,9% | 11,0% | 7,7% | |
| Stefnir Eignastýringarsjóður[1] | **12,1%** | 9,1% | 11,3% | 8,5% | 6,5% | |
| **Íslensk hlutabréf** | | | | | | |
| Stefnir - ÍS 15[1] | **14,1%** | 16,0% | 21,6% | -25,0% | -29,8% | |
| **Íslensk skuldabréf og innlán** | | | | | | |
| Stefnir - Ríkisvíxlasjóður[2] | **2,4%** | 3,1% | 4,6% | | | 5,5% *(Stofnaður 18.02.2009)* |
| Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður[2] | **9,3%** | 5,1% | 9,9% | | | 10,1% *(Stofnaður 28.01.2009)* |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður stuttur[2] | **6,1%** | | | | | 5,4% *(Stofnaður 20.01.2011)* |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur[2] | **10,5%** | 8,5% | 11,5% | 12,7% | 14,1% | |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur[2] | **12,7%** | 10,5% | 13,6% | 14,0% | 15,4% | |
| Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð[2] | **12,7%** | 11,0% | | | | 11,9% *(Stofnaður 13.11.2009)* |
| Stefnir - Skuldabréf Stutt[1] | **7,1%** | 7,5% | 9,0% | 7,3% | 9,2% | |
| Stefnir - Lausafjársjóður[1] | | | | | | 0,8%*** *(Stofnaður 30.04.2012)* |
| **Erlend hlutabréf** ** | | | | | | |
| KMS – Global Equity[2] | **-0,4%** | 6,5% | 8,6% | 7,3% | 8,8% | |
| KF – Global Value[2] | **-4,1%** | 8,7% | 11,1% | 5,7% | 7,4% | |
| Stefnir – Erlend hlutabréf[2] | **1,0%** | 7,1% | 7,9% | 2,2% | 6,9% | |
| MSCI World (viðmiðunarvísitala fyrir ofangreinda sjóði)[3] | **1,2%** | 7,5% | 7,8% | 8,6% | 9,0% | |
| KMS BRIC[2] | **-18,4%** | -7,6% | 1,4% | 3,6% | 8,8% | |
| MSCI BRIC (viðmiðunarvísitala fyrir KMS BRIC)[3] | **-17,6%** | -7,4% | 0,2% | 2,2% | 10,1% | |
| Stefnir – Scandinavian Fund[2] | **-8,8%** | 6,8% | 10,2% | 7,1% | | 8,4% *(Stofnaður 04.07.2007)* |
| MSCI Nordic (viðmiðunarvísitala fyrir Stefnir Scandinavian Fund)[3] | **-11,3%** | 3,2% | 6,6% | 4,5% | | 5,2% |

** Grunnmynt sjóðanna er EUR en ávöxtun er uppreiknuð í íslenskar krónur. Gengi tekur þannig mið af gengi gjaldmiðilsins á hverjum tíma. Vakin er sérstök athygli á því að sökum gjaldeyrishafta Seðlabankans er ekki hægt að fjárfesta í íslenskum krónum í þessum sjóðum.

*** Ávöxtun frá stofnun sjóðsins 30. apríl 2012.

* 1 ár: 30.6.2011 – 30.6.2012
2 ár: 30.6.2010 – 30.6.2012
3 ár: 30.6.2009 – 30.6.2012
4 ár: 30.6.2008 – 30.6.2012
5 ár: 30.6.2007 – 30.6.2012
Árleg nafnávöxtun frá stofnun: Ef sjóður er yngri en 5 ára.

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Stefnir er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 340 milljarða króna í virkri stýringu.

## Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlegar vísbendingar um ávöxtun í framtíð

Allar ávöxtunartölur eru í ISK. Tekið er tillit til umsýsluþóknunar við daglegan útreikning á gengi sjóðanna. Upplýsingar eru fengnar frá Verdis hf. og upplýsingaveitu Bloomberg.

## Arion banki er söluaðili sjóða Stefnis

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki Arion banka í síma **444 7000**, í næsta útibúi eða á **arionbanki.is/sjodir**.

1) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 2) Sjóðurinn er verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. 3) Upplýsingar fengnar af upplýsingaveitu Bloomberg.

Vakin er sérstök áthygli á að áhætta fylgir fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega visbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar un sjóðina, þ. á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu þeirra, sem nálgast má á **www.arionbanki.is/sjodir**

Arion banki

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir nýr forstjóri N1?*
2. *Hvers konar farskjóta selur sameindalíffræðingurinn Alexander Schepsky?*
3. *Hvar er leikið í European Challenge Trophy í golfi um þessar mundir?*

**SVÖR**

*1. Eggert B. Guðmundsson 2. Reiðhjól 3. Hvaleyrarvelli*

Eftirlitsstofnun EFTA segir aðstoð við sjóði samræmast EES-samningi:

# Ríkisaðstoð við bankana samþykkt

**EFNAHAGSMÁL** ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur samþykkt ríkisaðstoð við endurskipulagningu Arion banka og Landsbankans. Með því hefur ESA lokið umfangsmiklum rannsóknum sínum á endurskipulagningu stóru bankanna þriggja, segir Oda Helen Sletnes, forseti ESA. Áður hafði stofnunin samþykkt aðstoð við Íslandsbanka.

„Bankarnir munu áfram mæta áskorunum í því að tryggja rekstrarhæfi til frambúðar, en ég lýsi ánægju minni með þann árangur sem hefur náðst. Íslensk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir umtalsverðum umbótum á löggjöf og reglum um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni. Jafnframt hafa þau nú boðist til að taka á sig skuldbindingar sem ætlað er að tryggja að fjármálamarkaðir á Íslandi muni njóta góðs af virkri samkeppni,“ segir Sletnes, í tilkynningu frá ESA.

> Bankarnir munu áfram mæta áskorunum í því að tryggja rekstrarhæfi til frambúðar...
>
> **ÚR TILKYNNINGU ESA**

Þá hefur stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoð hafi verið fólgin í kaupum bankanna þriggja á eignum í vörslu átta fjárfestingarsjóða í október 2008.

Kaupverð var 82,2 milljarðar króna, en bankarnir voru þá að fullu í eigu ríkisins.

„Með vísan til alvarlegrar röskunar á efnahag Íslands á umræddum tíma kemst ESA að niðurstöðu um að ríkisaðstoðin sé samræmanleg við EES-samninginn,“ segir í tilkynningu frá ESA. **- kóp**

Útlit fyrir 16 þúsund í Eyjum:

# Þjóðhátíð nær þolmörkum

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Búið er að selja um sjö þúsund miða á Þjóðhátíð í Eyjum. Svo mikil aðsókn var í miða í vikunni að netsíðan sem hýsir miðasöluna hrundi.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að útlit sé fyrir að um sextán þúsund manns verði á hátíðinni rétt eins og í fyrra. „Hún er líka komin í hámarksstærð,“ segir hann. „Við getum alveg tekið við fleiri en samgöngurnar eru þannig að það er bara ekki hægt að flytja fleiri til okkar. **- jse**

Dvalarheimili á Suðurnesjum:

# Fá lán en ekki aukaframlög

**SUÐURNES Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum fær ekki umbeðið viðbótarframlag frá sveitarfélaginu Vogum. Dvalarheimilin eiga í rekstrarerfiðleikum.**

**Bæjarráð Voga leggur til að frekara framlag verði ekki lagt í dvalarheimilin fyrr en starfsemin hafi verið endurskipulögð.**

**Þar sem framkvæmdastjóri hafi boðað uppsagnir sex starfsmanna án þess að nauðsynlegri úttekt væri lokið vilji bæjarráðið þó leggja starfseminni til tæplega eina milljón króna í formi láns. Sú upphæð sé hlutfallslega sú sama og Reykjanesbær hafi þegar lánað.** **- gar**

IKEA í Barcelona vinsælt:

# 55 þúsund sóttu um 380 störf

**SPÁNN** Um 55 þúsund manns sóttu um 380 störf sem auglýst voru hjá IKEA í Barcelona á Spáni. IKEA undirbýr opnun verslunar í borginni síðar á þessu ári, að því er segir á fréttavef Aftenposten sem vitnar í vefsíðuna abc.es.

Næstum fjórðungur Spánverja er án vinnu, þar af yfir helmingur ungs fólks á aldrinum 15 til 24 ára. Alls eru yfir fjórar milljónir Spánverja án atvinnu.

Sjaldgæft er að fyrirtæki á Spáni auglýsi eftir starfsmönnum. IKEA auglýsti eftir starfsmönnum 4. júní síðastliðinn og rann umsóknarfrestur út þann 30. júní. **- ibs**

# Telja að makríllinn kunni að valda búsifjum sjófugla

**Það ætti að vera forgangsverkefni að rannsaka áhrifin sem makríll hefur á lífríki sjávar, segir bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar. Rök hníga að því að makríll valdi búsifjum lunda og fækkun hrefna í Faxaflóa.**

**DÝRALÍF** Erpur Snær Hansson, sviðsstjóri vistfræðirannsókna hjá Náttúrustofu Suðurlands, segir að margir hallist að þeirri kenningu að ágangur makrílsins geti að miklu leyti útskýrt þær búsifjar sem lundinn og aðrir sjófuglar hafi orðið fyrir síðustu ár.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, er sama sinnis. „Veiðimenn hér eru búnir að vera að tala um það í fjögur ár að makríllinn sé að éta undan lundanum,“ segir hann. Bæjarstjórinn segist undrast, rétt eins og Erpur Snær, að ekki sé veitt meira fjármagn til rannsókna á áhrifunum sem fylgja því þegar rúmlega milljón tonna makrílstofn berst inn í íslenska lögsögu.

„Okkur finnst það grætilegt að það sé ekki lögð meiri alvara í að rannsaka lífríki sjávar. Þá í Þekkingarsetri Vestmannaeyja klæjar í fingurna að fá að rannsaka þetta en útlitið er ekki gott því á sama tíma berst Náttúrustofa Suðurlands í bökkum vegna niðurskurðar á fjárframlögum frá ríkinu,“ segir bæjarstjórinn. Hann segir enn fremur að setja eigi í forgang málefni er varða þessa undirstöðuatvinnugrein. „Við bjóðum alla okkar aðstoð í slíkar rannsóknir, okkur ber líka skylda til þess því makríllinn er orðinn ein af stoðunum undir atvinnulífinu hér en á sama tíma og við gleðjumst yfir því þykir okkur grætilegt hve illa gengur hjá lundanum og það er algjör firra að skrifa þá illgengni á reikning veiðimanna með háfa. Það er eitthvað annað að gerast sem veldur þessu.“ Hann segir að í raun sé þó nokkur fjöldi lunda í Eyjum en að lítið beri á ungfuglinum sem greinilega eigi í erfiðri lífsbaráttu.

Magnús Kr. Guðmundsson, skipstjóri á hvalaskoðunarbátnum Rósinni, segist heldur ekki fara varhluta af áhrifum makrílgöngunnar. „Það er erfiðara að sjá hrefnu eftir að makríllinn ruddist inn flóann,“ segir hann.



**VIÐ HAFNAFJARÐARHÖFN** Fyrir sjófugla kann makríll að vera skaðvaldur en það má hann eiga að hann sér víða um fjörið við höfnina eins og þessi mynd ber með sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið hefur sagt frá því að hrefnuveiðimenn íhugi að hverfa með skip sitt úr Faxaflóanum þar sem minna æti sé eftir fyrir hrefnuna þar. Reyndar nærist hrefna einnig á makríl ef í harðbakka slær en þá er svo mikil hreyfing á henni að nær vonlaust er fyrir veiðimenn að eiga við hana.

Ekki eru þó allir ósáttir við ágang makrílsins en síðustu daga hafa fjölmargir lagt leið sína niður á höfn á Reykjanesi, Akranesi, í Hafnarfirði, Reykjavík og víðar með stöng í hendi og mokað upp makríl.

**jse@frettabladid.is**

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan

**Frelsi til að ferðast**

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Tiguan

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA




**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | **Haraldur Leví Gunnarsson plötuútgefandi**



**GERIR ÞAÐ SEM HANN VILL** Haraldur Leví segist ekki nenna neinni yfirbyggingu þótt eflaust muni koma að því að hann bæti við sig starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sumir eru hræddir við risann

Margar af ferskustu hljómsveitum landsins eiga það sameiginlegt að vera á mála hjá einyrkjanum **Haraldi Leví Gunnarssyni,** sem starfrækir plötuútgáfuna Record Records. Hann segir ***Stíg Helgasyni*** að það sé ekki á döfinni að leyfa stærri útgáfu að gleypa sig.

Undanfarin þrjú ár hefur Haraldur Leví Gunnarsson haldið til í húsnæði við Dugguvog þar sem hann starfrækir stúdíó og plötuútgáfuna Record Records. Þrátt fyrir að vera bara hálfþrítugur einyrki í útgáfugeiranum hefur hann nú á sínum snærum margar af vinsælustu, ungu hljómsveitum landsins.

### Byrjaði sem hobbí

Þegar Haraldur stofnaði Record Records árið 2007, þá tvítugur, seldi hann plötur í Skífunni og trommaði með sveitinni Lödu Sport. „Ég er gaurinn sem sá um allt plögg og svoleiðis vesen í bandinu og svo fattaði ég bara einn daginn að kannski ætti ég heima í plötuútgáfu," segir Haraldur.

„Þetta var mjög lítið til að byrja með og í raun bara hobbí. Ég var í fullri vinnu og gerði þetta í frítímanum. Ég flýtti mér heldur ekkert að gefa út plötu, byrjaði á að dreifa bara fyrir aðra sjálfstæða útgefendur. Það var ekki fyrr en tæpu ári seinna sem ég gaf út fyrstu plötuna, Karkari með Mammút. Þá var maður bara að leita að einhverju spennandi, eins og ég hef alltaf gert. Ég gef bara út plötur sem mér finnst áhugaverðar."

Síðan eru fjögur ár og þótt fyrirtækið sé orðið öllu meira að vöxtum er Haraldur enn eini starfsmaður þess. „Þegar það er rosalega mikið að gera þá er ég með lið sem hjálpar mér með dreifingu og annað, keyrir í búðir fyrir mig þegar ég hef ekki tíma í það. Annars reyni ég frekar bara að leggja mikið á mig og gera þetta allt sjálfur. Ég nenni ekki neinni yfirbyggingu."

### Skilur ekki fattleysið

*Kunnugir segja mér að þú hafir frá upphafi vitað að Of Monsters and Men mundu slá rækilega í gegn.*

„Já, alveg klárlega."

*Af hverju?*

„Ég bara skil ekki af hverju fólk fattaði það ekki. Þetta er bara svo gott. Þetta er það sem svínvirkar í dag, til dæmis í Bandaríkjunum, og þess vegna gengur þeim svona vel."

Haraldur byrjaði að tala við sveitina strax eftir að þau sigruðu Músíktilraunir 2010 og gerði svo loksins plötusamning við hana snemma árs 2011. „Þá fórum við beint í stúdíó að reyna að leita að rétta útgáfustjóranum. Little Talks hafði til dæmis verið tekið upp áður í allt, allt, allt öðruvísi útgáfu sem var svo ekki talin henta. Svo fórum við og tókum það upp með öðrum upptökustjóra eins og alla plötuna."

Og Haraldur trúði því allan tímann að þau gætu orðið allt að því heimsfræg. „Ég er ekki að segja að ég hafi séð allt fyrir en ég vissi að þau gætu meikað það úti. Þetta var bara spurning um að fara rétt að og þau voru svo heppin að þau komust í samband við góðan umboðsmann þannig að þetta gekk hratt fyrir sig – alveg fáránlega hratt í rauninni."

### Verður ekki keyptur

Record Records gefur út margar ferskar sveitir sem hafa vakið töluverða athygli og hljóta að hafa verið eftirsóttar hjá stærri útgáfufyrirtækjum, til dæmis Retro Stefson og Tilbury. Hvað veldur því að þessar sveitir velja að vinna með honum?

„Sumir eru hræddir við risann. Og sumir eru lengur en aðrir að fatta hvað getur orðið heitt og hvað ekki. Maður verður bara að fylgjast með. Ég samdi til dæmis við Tilbury áður en þeir voru búnir að spila á tónleikum undir því nafni. Ég heyrði plötuna í mixi í stúdíóinu og áttaði mig á því að það væri ein af bestu plötum ársins."

*En hvernig taka stærri útgáfurnar því að það komi hálfþrítugur náungi og sópi upp öllum nýju, stóru böndunum?*

„Er ekki samkeppni góð til að halda mönnum á tánum? Ég held það. Það getur svo sem vel verið að það líki einhverjum illa við mig, en ég veit þá ekki af því."

*Hafa menn verið að bera víurnar í þig, reyna að kaupa þig yfir og gleypa Record Records?*

„Það er ekkert sem ég vil tjá mig um. En það er allavega ekki að fara að gerast – ekki eins og staðan er í dag."

### Vill ekki verða konungur ljónanna

Haraldur Leví er augljóslega með puttann á púlsinum og því blasir við að spyrja hann hvaða hljómsveitir hann sér fyrir sér að muni láta að sér kveða á næstunni.

„Ég er að fara að gefa út nýju plötuna með Moses Hightower núna í ágúst," segir Haraldur strax, en liðsmenn sálarsveitarinnar gáfu fyrstu plötu sína út sjálfir fyrir tveimur árum og hlutu mikið lof fyrir. Síðan nefnir hann væntanlega plötu með reggíbandinu Ojbarasta og nýja plötu Mammút sem er væntanleg með haustinu. „Þetta er það sem maður getur sagt frá akkúrat núna."

Þegar Haraldur dembdi sér í útgáfugeirann hafði hann enga háskólamenntun að baki – hann var ekki einu sinni búinn með framhaldsskóla. „Nei nei, ég lifi bara fyrir tónlistina og hef náð að bjarga mér ágætlega í þessu."

*Hvað með framtíðina? Munu Record Records stækka enn frekar?*

„Maður nennir þessu ekki einn að eilífu en ég ætla ekkert að verða konungur ljónanna. Mér finnst gaman að vera bara „indí" eins og maður segir – að það sé ekki einhver sem á mann og ég geti gert það sem ég vil, mætt í vinnuna þegar ég vil og hætt snemma á svona sólardegi."

## Nokkrar hljómsveitir sem eru á mála hjá Record Records




**1** Retro Stefson **2** Tilbury **3** Agent Fresco **4** Moses Hightower **5** Sykur **6** Mammút **7** Of Monsters and Men

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA

**Á HÁSKÓLASTIGI**

**STAÐNÁM – FJARNÁM**

**NÁMSKEIÐ Í NÁMSTÆKNI INNIFALIÐ**

**UPPTÖKUR ÚR KENNSLUSTUNDUM Á NÁMSVEF**

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 13. ÁGÚST**

**Nánari upplýsingar veitir Kristín Birna Jónasdóttir,**
**verkefnastjóri námsins.**
**Sími: 525 5296 – netfang: kristind@hi.is**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Góð breyting á innflutningi búvara:

# Enginn ostahundur

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nýjar reglur tóku gildi í maí síðastliðnum, sem heimila ferðamönnum að hafa með sér til landsins allt að einu kílói af osti, sem er búinn til úr ógerilsneyddri mjólk. Þetta er góð breyting, sem stuðlar meðal annars að því að draga úr hinni þjóðernissósíalísku stemningu í tollinum, þar sem tollverðir hafa til þessa gramsað í farangri fólks í leit að hættulegum erlendum landbúnaðarafurðum, auk vopna og fíkniefna. En áformin um að þjálfa ostahundinn verður að leggja á hilluna.

Það er reyndar skondið að ríkisvaldið, sem ákvað breytinguna, sagði ekki nokkrum manni frá henni og margir matgæðingar hafa því annaðhvort ekki þorað að koma með vandaða osta til landsins eða haldið áfram að smygla þeim innan í óhreinu nærfötunum sínum eins og þeir voru vanir. Það var ekki fyrr en Fréttablaðið sagði frá málinu að það komst á almanna vitorð.

Kannski var landbúnaðarkerfið bara að kaupa sér svolítinn tíma, eins og það hefur tilhneigingu til að gera þegar á að rýmka um sölu eða innflutning á erlendri búvöru. Innflutningsbannið hefur lengi verið réttlætt með því að verið væri að verjast dýrasjúkdómum, eða þá að passa neytendur fyrir matarsýkingum – talsmenn þess hafa ekki verið alveg vissir um hvora ástæðuna átti að nota. Aðalatriðið hefur auðvitað verið að viðhalda sem ríkustum hömlum á innflutningi búvara.

Svona í ljósi þess að ekki er sennilegt að fólk sem hefur keypt sér dýra osta í útlöndum taki þá með sér upp í sveit og fóðri búfénað á þeim, er neytendaverndin skárra yfirvarp. Samt er það nú svo að þótt fræðilegur möguleiki sé á listeríusýkingu í ostum úr hrámjólk, eru slíkar sýkingar sjaldgæfar, enda ostarnir framleiddir undir ströngu heilbrigðiseftirliti. Og þess hefur raunar ekki orðið vart að landinn hrynji niður úr listeríusýkingu eftir sumarfríið sitt í Frakklandi.

Sumir varðhundar haftakerfisins í landbúnaði eru þó með þetta á hreinu. Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði þannig í Bændablaðinu í gær að ráðagerðin væri „óskiljanleg" og gæti haft „alvarlegar afleiðingar". Honum finnst jafnframt kíló á mann „frekar óhóflegt".

Óborganlegt. Sumir alþingismenn eiga að fá hærra kaup af því hvað þeir hafa mikið skemmtigildi.

Öllu meira vit er í viðbrögðum samtaka bænda, Beint frá býli, sem gera athugasemdir við að þessi innflutningur sé leyfður en bændum hins vegar bannað að framleiða ost úr ógerilsneyddri mjólk í smáum stíl. Mælt hefur verið með slíkri breytingu í tveimur skýrslum um heimaframleiðslu búvara á undanförnum árum, að því gefnu að fyllsta hreinlætis sé gætt og varan sérstaklega merkt, neytendum til upplýsingar.

Nútímafjós á Íslandi uppfylla mörg hver strangar heilbrigðiskröfur. Enda er það svo, eins og Guðmundur Jón Guðmundsson, formaður Beint frá býli, bendir á í Fréttablaðinu í dag, að ekki hefur orðið vart við bráðadauða hjá bændum sem drekka mjólkina sína heima.

Auðvitað geta íslenzkir bændur framleitt gæðavöru úr hrárri mjólk, rétt eins og starfssystkin þeirra í öðrum Evrópulöndum. Bæði framleiðsla og innflutningur á slíkri vöru á að vera sem frjálsastur, að því gefnu að passað sé upp á heilbrigðiskröfurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Dr.Organic – hreinar náttúruvörur**



**Kælandi og græðandi, 99,9% hreint Aloe Vera gel án skaðlegra aukaefna.**

***www.drorganic.co.uk***

***Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bévuð mismununin

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, er ósáttur við að leyfður hafi verið innflutningur á ógerilsneyddum ostum. Hann telur í þessu felast mismunun gagnvart íslenskum kúabændum. „Það er verið að leyfa innflutning á vöru sem okkur er bannað að framleiða en það er augljós mismunum." Þetta er satt og rétt hjá Baldri. Vafalítið er þó einhver innflytjandinn, eða neytandinn jafnvel, sem gæti haft orðaskipti í þessari setningu og kallað það mismunun að leyfð væri framleiðsla á vöru sem bannað væri að flytja inn. En það heitir víst eitthvað annað hjá bændaforystunni, í það minnsta ekki mismunun.



### En hvað með hættuna?

Af orðum Baldurs er ekki annað að skilja en hann vilji að bætt sé úr mismununinni og hérlendir kúabændur fái að framleiða ógerilsneyddan ost. Það er spurning hvað Framsóknarþingmaðurinn Sigurður Ingi Jóhannsson og skoðanasystkin hans segja við því. Ef innflutningur ógerilsneiddra osta er hættulegur, hvað þá um innlenda framleiðslu?



### Gagnrýninn frambjóðandi

Ari Trausti Guðmundsson, fyrrverandi forsetaframbjóðandi, ritar grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann skýtur nokkuð föstum skotum á Ólaf Ragnar Grímsson, sem hafði sigur í forsetakosningunum. Það er spurning hvort Ari er að boða harða stjórnarandstöðu gagnvart forsetanum með þessari gagnrýni sinni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Reykjavíkurflugvöllur og almennur lýðræðislegur vilji

Reykjavíkurflugvöllur



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Undir fyrirsögninni Frá degi til dags á leiðarasíðu Fréttablaðsins fimmtudaginn 12. júlí veltir Kolbeinn Proppé fréttamaður vöngum yfir annars vegar meintri lýðræðisást minni og hins vegar staðhæfingum um að flugvöllurinn verði ekki fluttur úr Vatnsmýrinni í Reykjavík án samráðs við ríkið, sem eigi hluta landsins undir vellinum. Kolbeinn minnir mig á að atkvæðagreiðsla hafi farið fram á sínum tíma og niðurstaðan orðið sú að meirihluti hafi viljað völlinn burt.

Af þessu tilefni vil ég rifja upp að fyrir þessa atkvæðagreiðslu í Reykjavík samþykkti borgarráð á fundi 13. febrúar 2001 að atkvæðagreiðslan yrði bindandi ef 75% atkvæðisbærra manna tækju þátt eða að 50% atkvæðisbærra manna greiddu öðrum valkostinum atkvæði sitt. Þátttakan var hins vegar mjög lítil, einungis 37,2%. Lýstu 18% kosningabærra manna stuðningi við flugvöllinn en 19% vildu völlinn burt. Þarna skildu einungis að rúm 300 atkvæði.

> Frá því að þessi atkvæðagreiðsla fór fram hefur mikið vatn runnið til sjávar og leyfi ég mér að fullyrða að viðhorf til Reykjavíkurflugvallar hafi breyst mikið.

Frá því að þessi atkvæðagreiðsla fór fram hefur mikið vatn runnið til sjávar og leyfi ég mér að fullyrða að viðhorf til Reykjavíkurflugvallar hefur breyst mikið. Skoðanakannanir hafa ítrekað bent til að svo sé. Má af þeim ráða að meirihluti bæði borgarbúa og landsmanna vilji hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

Ef menn á annað borð vilja byggja á almennum lýðræðislegum vilja, sem ég tel einboðið hvað þetta þverpólitíska ágreiningsefni varðar, þá leyfi ég mér að spyrja hvort nokkuð mæli gegn því að efna að nýju til atkvæðagreiðslu og láta hana ná til landsmanna allra? Þetta er málefni sem kemur okkur öllum við, hvar á landinu sem við búum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Made in Iceland

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Handverkskonur í Þingeyjarsýslum mótmæltu því, með orðum á borð við „að svívirða“ og „siðlaust“, að sumir íslenskir fataframleiðendur fjöldaframleiddu „íslenskar“ lopapeysur erlendis. Auðvitað má hafa samúð með afstöðu þeirra, en sú samúð má ekki bera skynsemina ofurliði. Enginn byggir upp iðnað með þjóðernishyggju og ást á óhagkvæmni að leiðarljósi.

Er skynsamlegt að setja reglur um hvað megi vera kallað íslenskt? Snúum fyrst dæminu aðeins við. Það eru ótal dæmi um íslenskar vörur sem kenna sig við önnur lönd án þess að tengjast þeim löndum neitt. Það er til dæmis ólíklegt að mikið af ítölsku eða frönsku kjöti sé notað í ítalskt salami frá Kjarnafæði eða franskt salami frá SS. Eða að margir Frakkar eða Ítalir handleiki pylsurnar.

Að sama skapi held ég að „dönsku“ rúgbrauðin frá Myllunni séu bökuð án aðkomu danskra bakara, „þýsku bóndabrauðin“ eru ekki bökuð af þýskum bændum og „amerísku kleinuhringirnir“ eru ekki amerískir heldur bakaðir einhvers staðar í Evrópu og fluttir frosnir til landsins. Biðst afsökunar ef ég hef rangt fyrir mér.

Þetta eru bara ríkin, öll bæjarnöfnin eru eftir. Gouda er bær í Hollandi. Maribo er bær í Danmörku. Camembert er þorp í Frakklandi. Plzen er bær í Tékklandi. Á Íslandi er nafn þess síðastnefnda gjarnan tengt við bragðdaufan platbjór. Hvað ætli Plzen-búum finnist um það? Svo er það hamborgarinn. Með „frönsku“ kartöflunum.

Það eina sem er grískt við grísku jógúrtina frá MS er innblásturinn. Í þeim samanburði er lopapeysa sem hannað er af Íslendingum, markaðssett af Íslendingum, framleidd úr íslenskri ull fyrir íslenskt fyrirtæki og seld á Íslandi, enn ansi íslensk. Jafnvel þótt að kínversk vél hafi prjónað hana en ekki íslensk kona.

Almennt ætti íslenska ríkið að nota tímann sinn í annað en það að dæma um hver megi kalla vörur sínar íslenskar. SS markaðssetur „ítölsk lambalæri“ en það er ekki enn sem komið er „vandamál“ að tyrkneskar kjötvinnslur strái blóðbergi yfir lambakjötið og selji sem „íslenskt“ í evrópskum matvörubúðum. Það væri til merkis um árangur í markaðssetningu ef það myndi gerast en við erum auðvitað ekki á þeim stað. „Vandamálið“ okkar er ekki það að það eru útlendingar sem þykjast framleiða íslenskar vörur. Nei, „vandamálið“ er að það eru til Íslendingar sem eru að bögglast við að keppa á stórum alþjóðlegum markaði, og aðrir Íslendingar vilja að þeir geri það með því að nota óhagkvæmar eða úreldar vinnuaðferðir.

## Made in Germany

Saga tilrauna stjórnmálamanna til að verja innlenda framleiðslu er löng. „Made in…“ merkingarnar góðu eiga rætur sínar að rekja til Bretlands og voru upprunalega hugsaðar til að auðvelda neytendum að velja breskt fram yfir annað, þá sérstaklega fram yfir þýskt. Svo fór hins vegar að Made in Germany varð að einhverju besta vörumerki sem heimurinn þekkir.

Þessar „Made in…“ merkingar eru auðvitað hálfkjánalegar. Í fyrsta lagi er framleiðsla oft orðin það fjölþjóðleg að erfitt er að auðkenna vöru einu landi. Í öðru lagi er verið að gefa neytendum færi á að velja vörur eftir staðalmyndum. Hvað með það þótt eitthvað sé gert í Kína? Eru allar vörur þaðan góðar? Eða allar vondar? Auðvitað ekki.

Að sjálfsögðu mega framleiðendur setja það sem þeim finnst skipta máli á pakkann hjá sér, svo lengi sem það er satt, en ég sé ekki af hverju ætti að skylda þá til þess. Ég sé fyrir mér ljósan viðarskenk með skýrri, lögbundinni áletrun: „SMÍÐAÐ AF KONU.“

> Það eru ótal dæmi um íslenskar vörur sem kenna sig við önnur lönd án þess að tengjast þeim löndum neitt.

## Markaðssetning, ekki lagasetning

Ef nægilega margir deila rómantískri sýn á peysum sem íslenskar konur handprjóna ætti að vera nægur markaður fyrir slíkar peysur. Það væri hið besta mál. Verra er hins vegar þegar fyrirtæki sem kjósa að nýta sér hagkvæmari, ódýrari og nútímalegri framleiðslumáta eru kölluð siðlaus og framleiðsla þeirra sögð svívirða og enn verra er þegar fram koma hugmyndir um hvernig ríkið geti auðveldað neytendum að sniðganga þessar vörur. Atvinnulífið þarf ekki á slíkum hugmyndum að halda. Óhagkvæmar framleiðsluaðferðir verða ekki hagkvæmari þótt menn reyni að þvinga þær fram með lögum.

# Bréf til blaðsins

Af og til er staðsetning Reykjavíkurflugvallar til umræðu – einkum af Reykvíkingum. Auðvitað sjá það allir nú, að flugvöllinn hefði átt að flytja á Álftanes á meðan þess var kostur. Ég er orðinn of gamall til þess að taka þátt í þessari umræðu á breiðum grundvelli (hóf störf í flugmálunum árið 1952 í Kaupmannahöfn).

Ef kjósa á um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar verður öll þjóðin að fá að taka þátt í slíkri kosningu, enda er líklega meirihluti notenda flugvallarins landsmenn okkar, sem búa utan Reykjavíkur. Reykjavíkurflugvöllur er og verður hagsmunamál allra landsmanna meira og minna.

Nauðsyn flugvallarins fyrir ferðaþjónustuna liggur í augum uppi.

**Með bestu kveðjum**
**Birgir Þórhallsson**
**241025-4709**

## AF NETINU

**Ríkja miðaldir enn á Íslandi?**

Í nútímanum þarf að leita til evrópskra einræðisríkja til að finna svipaða smölun og íslenska fiskiskipaflotans.
Á tímum Francos var fólki á Spáni smalað saman þegar hann þurfti á því að halda og fyrirtæki ráku starfsmenn sína langar leiðir í rútum eða á skipum til að sýna valdinu hollustu.

**http://blog.pressan.is**
**Guðbergur Bergsson**






# Við, síbrotamenn

Dómstólar

Jón Trausti Reynisson
ritstjóri DV



Lögmaðurinn Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson birti grein í Fréttablaðinu 22. ágúst 2009 þar sem hann kallaði mig og þáverandi samstarfsmenn mína hjá útgáfufélaginu Birtíngi „síbrotamenn“. Vilhjálmur hafði fyrir og eftir þann tíma sérhæft sig í því að fá blaðamenn dæmda til að borga miskabætur til þeirra sem höfðu staðið í vafasömum rekstri eða deilumálum, og verið fjallað um í fjölmiðlum, eða bloggað um, eða skrifuð ummæli við fréttir um.

Staðreyndin er að nokkrir blaðamenn hjá útgáfufélaginu höfðu verið dæmdir til að borga mönnum miskabætur, sem samsvöruðu því að við hefðum nauðgað þeim. Ég segi það vegna þess að fórnarlömb nauðgana höfðu verið að fá lægri miskabætur frá nauðgurum sínum. Árið 2007 voru sjónvarpsstjóra dæmdar 1,5 milljónir í miskabætur. Nokkru áður hafði fórnarlamb hrottafenginnar nauðgunar fengið sömu upphæð í miskabætur. Nauðgarinn notaði kjötöxi og búrhníf til að ógna konunni og halda henni fanginni klukkustundum saman. Hann reyndi líka nokkrum sinnum að kæfa hana með kodda. En sjónvarpsstjórinn hafði orðið fyrir því að mynd birtist af honum við fyrirsögn fjölmiðlapistils Fréttablaðsins, „geðþekkur geðsjúklingur“, sem fjallaði um brjálæðislega en geðþekka sjónvarpsdagskrá Skjás eins.

Fórnarlamb hópnauðgunar fékk nokkru áður lægri miskabætur en sjónvarpsstjórinn, eða 1,1 milljón. Þrettán ára stúlka fékk bara 500 þúsund í bætur frá þeim sem misnotaði hana kynferðislega.

En það sem við gerðum til að verðskulda opinberlega stimpilinn „síbrotamenn“ var að fjalla um tengsl nektardansstaða við mansalsstarfsemi. Þetta snerist ekki bara um lögin, eða túlkun dómstóla, heldur samfélagið allt.

Greinin „Stúlkurnar á Goldfinger“ í tímaritinu Ísafold 2007 hafði fyrst þær skyndilegu afleiðingar að eigandi næststærstu verslunarkeðju landsins ákvað að banna sölu tímaritsins í öllum sínum verslunum. Þetta var ekki viðskiptaleg ákvörðun, því tímaritið var meðal þeirra mest seldu í verslununum. Eigandinn, Jón Helgi Guðmundsson, er hins vegar gegnheill Kópavogsbúi, góður vinur bæjarstjórans, og svaraði því til að við hefðum ekki átt að birta þessa grein.

Eftir margra mánaða umleitanir við Kaupás um að leyfa aftur sölu á tímaritinu ákvað útgáfufélagið Birtíngur að leggja tímaritið niður, því það þýddi lítið að gefa út metnaðarfullt tímarit á landsvísu ef þriðjungur af sölustöðunum bannaði sölu þess. Þetta árið virtust flestir sammála því að hann ætti þetta og mætti þetta. En við áttum ekki rétt á því að segja frá. Aðalmálið varð ekki það sem sagt var frá, heldur hvort segja mætti frá því. Síðan tók við tveggja ára barátta fyrir dómstólum sem endaði með þeirri niðurstöðu að yfirvöld veittu okkur refsingu.

Einhvern veginn sætti maður sig við að heimili manns og allar eigur væru í uppnámi vegna þess að dómararnir töldu að maður hefði sagt of mikið. Maður sætti sig líka við að vera á svörtum lista hjá fjármálastofnunum vegna fjárnáms Ásgeirs Þórs Davíðssonar á Goldfinger. Niðurstaða dómstóla var að eigur okkar ættu að færast yfir til þeirra sem við fjölluðum um, vegna þess að við hefðum brotið hegningarlögin gegn þeim. Jafnvel þótt dómurinn, sem skyldaði mig og blaðamanninn Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur til að borga Geira á Goldfinger meira en milljón, hefði í grunninn byggt á því að við notuðum alþjóðlega skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á mansali, eins og kom fram í greininni, en ekki skilgreininguna í íslenskri orðabók, sem er einfaldlega „þrælasala“. Auðvitað voru nektardansmeyjarnar frá Austur-Evrópu, sem unnu á Goldfinger, ekki fluttar til landsins með þrælaskipi, eins og fórnarlömb mansals sem unnu á bómullarökrum fyrir ameríska borgarastríðið frá 1861 til 1865. En maður sætti sig við þetta allt, því ef maður getur ekki sætt sig við niðurstöðu Hæstaréttar lands síns er maður orðinn ófær um að vera borgari þess lands.

Fleiri harðir hegningarlagadómar yfir blaðamönnum fylgdu næstu árin. Við urðum að undirgangast að vera síbrotamenn í augum íslenskra yfirvalda, eins og menn sem stela, skemma, berja og nauðga aftur og aftur.

Fyrr í vikunni dæmdi Mannréttindadómstóll Evrópu íslenska ríkið til að borga tveimur blaðakonum, Erlu Hlynsdóttur og Björk Eiðsdóttur, samtals tíu milljónir króna í bætur vegna þess að íslenskir dómstólar brutu á þeim. Þeir dæmdu blaðakonurnar til refsinga fyrir að skrifa um nektardansstaði á Íslandi. Eitt grundvallaratriðið í dómi Mannréttindadómstólsins var að í lýðræðisríki verði að vera rúmt svigrúm til að fjalla um umdeild þjóðfélagsmál og að íslenska ríkið hefði ekki náð að rökstyðja hvers vegna grundvallarmannréttindi voru höfð af blaðamönnunum og hvers vegna hagsmunir almennings af því að fá upplýsingar hefðu ekki verið í fyrsta sæti.

Ef blaðamenn þurfa að leggja fjárhag fjölskyldunnar að veði til að segja sannleikann í umdeildum málum eru þeir líklegri til að segja bara þann sannleika sem skiptir engu máli, eða segja bara sannleika þeirra sem hafa mest völd í samfélaginu. Allir reyna að vernda fjölskylduna sína fyrir áföllum.

Ef blaðamenn eru dæmdir eins og síbrotamenn fyrir að sinna skyldum sínum er skaðinn miklu meiri en fólk getur vitað.

# Skarð í múrinn

Persónufrelsi

Þorlákur Axel Jónsson
kennari



Við Íslendingar búum í þjóðernispólitísku matarfangelsi. Nú hefur svolítið skarð verið höggvið í múrinn. Ný reglugerð hefur verið sett vegna innleiðingar matarlöggjafar ESB. Dregið er úr hömlum á innflutningi ferðamanna á matvælum. Þessu ber að fagna. Við ráðum meira um líf okkar, jafnvel því hvað við borðum.

Útfærslan minnir þó á hið tvöfalda siðgæði sem ríkti lengi gagnvart bjórkaupum á Íslandi.

Ferðamenn máttu það sem heimafólki var bannað. Það eru ferðamenn sem njóta persónufrelsis, þeir eru fullgildir borgarar í vestrænu lýðræðissamfélagi, aðrir njóta ekki þeirra réttinda. Enn getum við ekki keypt í búð á Íslandi matvæli sem heimilt er að selja með löglegum hætti á evrópska efnahagssvæðinu. Þetta fyrirkomulag getur ekki staðist og mun sjálfkrafa heyra sögunni til við inngöngu Íslands í ESB.

Á tímum þjóðfrelsisbaráttunnar á 19. öld þurftu alþingismenn, eins og nú, að taka afstöðu til frjálslyndra viðhorfa um persónufrelsi sem bárust þeim frá Evrópu. Átti fólk að hafa heimild til þess að ganga í hjónaband óháð efnahag? Mátti fólk ráða því við hvað það starfaði og hvernig það aflaði sér tekna?

Persónufrelsi fylgdi ekki sjálfkrafa þjóðfrelsinu í hugum margra þingmanna. Benedikt Sveinsson, einn helsti stjórnmálaleiðtogi þeirra tíma, sagðist í umræðum um áform um takmörkun á frelsi til giftinga vilja „finna rétt takmark milli ásigkomulags [þjóð]félagsins og frelsis einstaklingsins, svo borgaralegt félag verði ei fyrir skaða“. Hann var í meirihlutanum sem skipaði nefnd sem átti að finna leið til takmörkunar giftingarfrelsinu.

Guðjón Guðlaugsson, þingmaður Strandamanna, sagði í þingræðu þegar hann talaði gegn auknu frelsi hins ólaunaða landbúnaðarverkafólks: „Það má ekki slengja saman sjálfræði einstaklingsins og velfarnaði þjóðarinnar. Það er sitt hvað.“ Og enn fremur: „Þegar verið er að tala um frelsi fyrir lausamenn [verkamenn] verða menn líka að taka tillit til stöðu bændanna.“

Ekki væri ástæða til þess að rifja upp þessa gömlu sögu nema af því að þjóðernisíhaldsstefna af þessu tagi hefur ráðið för þegar persónufrelsi okkar sem neytenda hefur verið skert. Sýndarrökum um t.d. efnahagslega heildarhagsmuni, sjúkdómavarnir og matvælaöryggi hefur verið haldið fram gegn grundvallarréttindum almennings. Hugmyndaauðgi hefur einkennt tæknilegar viðskiptahindranir sem sömuleiðis hefur verið stefnt gegn almannahagsmunum. Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Vinstrihreyfingin – grænt framboð hafa myndað pólitíska blokk um þessa stefnu. Nú bregður svo við að ráðherra VG slakar á klónni. Þó ekki til þess að auka á rétt íslenskrar alþýðu, heldur til þess að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja í útflutningshugleiðingum.

Aðild að ESB snýst líka um persónufrelsi okkar. Erum við fær um að ráða okkur sjálf? Eru Íslendingar hæfir til frelsis? Evrópusambandið segir að svo sé. Spurningin sem að okkur snýr er þessi: Þorum við að rífa múrinn sem við byggðum sjálf?

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili fyrirtækja

**Landsbankinn fjármagnar uppbyggingu** á nýju Fosshóteli á Patreksfirði. Það er stefna bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu, styðja við fjárfestingar og vera öflugur samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja.



# Forðið höfuðborgarsvæðinu frá frekari húsbyggingum undir fölsku flaggi!

Skipulagsmál

Arna Mathiesen
arkitekt



By building sustainable towns and cities, you will build global sustainability," sagði aðalritari Sameinuðu þjóðanna í lok Ríóráðstefnunnar á dögunum. Þetta eru bara draumar svo lengi sem ríkisvaldið þrýstir allri ábyrgð á sjálfbærni niður á borgirnar sem vilja bara vaxa í samkeppni hver við aðra og ýta vandræðum sem af því hlýst niður á þegnana. Þess ber höfuðborgarsvæði Íslands glöggt vitni.

„Fólksfjölgun, fólksfjölgun! "segja skipuleggjendur borgarinnar og kynna nýjar skipulagsáætlanir fyrir meiri íbúðabyggð á höfuðborgarsvæðinu, þótt fjölgun íbúða í borginni hafi aukist miklu meir en íbúafjöldinn fyrir hrun og þótt ofgnótt sé líka af annars konar húsnæði sem er vannýtt og hægt væri að breyta í íbúðarhúsnæði. Rannsóknir sýna að fjölmargar borgir eru heldur að skreppa saman (www.shrinkingcities.com) en vaxa, þótt þær vilji ekki viðurkenna það. En hver gæti verið hinn raunverulegi hvati að vexti höfuðborgarinnar?

Nú hefur svo verið búið í haginn af hálfu ríkisins að skuldir sveitarfélaga megi ekki vera umfram 150% af heildartekjum og eigi því markmiði að vera náð innan tíu ára. Skuldirnar eru svo miklar að sveitarfélögin verða að skaffa sér miklu meiri tekjur eigi þau að geta boðið upp á lögboðna þjónustu. Er þá nokkuð augljósara til fljótlegrar fjáröflunar en það að stuðla að húsbyggingum til að draga að sér fleiri íbúa og þannig geta innheimt meiri gjöld og skatta til að geta borgað niður skuldirnar?

### Fólksfjölgun og framboð íbúða




### Tekjur og skuldir sveitarfélaga




Ef þetta er hvatinn hefur ríkið lagt drögin að „spennandi" kapphlaupi sveitarfélaga um íbúa og fermetrafjölda til að innheimta útsvar af fleiri íbúum og gjöld af fleiri fermetrum og lóðum. Ef dæma má af áætlunum tveggja stærstu sveitarfélaganna eru drögin fyrir frekari byggingar ólík eftir svæðum innan höfuðborgarsvæðisins: Þétting byggðar í miðbæ Reykjavíkur og áframhaldandi byggð út um holt og hæðir í Kópavogi. Hvað skyldi þá seljast betur, „sjálfbær" íbúð í miðborg Reykjavíkur þar sem hægt er að hjóla eða ganga í vinnuna eða einbýlishúsalóð í úthverfunum með 50% afslætti og útsýni yfir Esjuna?

> Er þá nokkuð augljósara til fljótlegrar fjáröflunar en það að stuðla að húsbyggingum til að draga að sér fleiri íbúa og þannig geta innheimt meiri gjöld og skatta til að geta borgað niður skuldirnar?

Samkeppnin milli sveitarfélaganna virðist ólík því sem var fyrir hrun, enn harðvítugri en fyrir hrunið þar sem sveitarfélögin bjóða nú upp á margvíslegri lausnir. Bæði skipulagsdrögin sem hér greinir bjóða upp á umhverfi sem hefur sýnt sig að skapar meiri vandamál en þau leysa og bundið hefur fjölmargt fólk á klafa nú þegar. Lítur svo út að hrein sölumennska komi til að skera úr um hvor lausnin verður ofan á og hverju verði meir þjarmað að: gömlu húsunum í miðbænum (efnislegum menningararfi) eða vatnsbólunum, með mengandi flugvelli fyrir ofan Gvendarbrunna, og mögulegu ræktarlandi í útjaðrinum (lifibrauði framtíðarinnar).

Má vera að þetta komi til með að taka sig vel út á pappírum ríkisins: Atvinnusköpun í byggingariðnaði og minna skuldug sveitarfélög án þess að ríkið taki neitt tap sem gæti fælt frá erlenda fjárfesta. En áhugavert verður að fylgjast með hvernig ábyrgir stjórnmálamenn munu færa sannfærandi rök fyrir sjálfbærninni (skjölin sem lögbjóða þróunina hafa reyndar innbakað sjálfbærnitungutak án þess að það sé sérlega trúverðugt þegar málin eru skoðuð í heild).

Þótt það sé atvinnuskapandi, er það sóun að leggja drög að og vinnu í frekari byggð þegar nóg er til af húsnæði, sumt liggjandi fyrir skemmdum hálfklárað. Ekki síst þegar allt er á huldu um framvindu fólksfjöldans vegna kreppunnar. Lítið sem ekkert bólar á því að unnið sé með aðlögun húsnæðisins sem til er til að sinna hinni raunverulegu þörf sem fyrir liggur. Ekki er vanþörf á íbúðarhúsnæði sem er hentugt í notkun og sem fólk hefur efni á, hér með talið fólk sem ekki hefur komist inn á húsnæðismarkaðinn eða hefur verið hent út af honum vegna hrunsins.

Dæmi sýna (t.d. húsnæðisstefna stjórnvalda í Noregi eftir seinna stríð) að það er ekkert samhengi milli efnahags og getu ríkisins til að sjá öllum íbúum fyrir húsnæði á viðráðanlegu verði. En pólitískur vilji þarf að vera fyrir hendi.

Þegar kemur að breyttum áherslum í umhverfis- og auðlindastjórnun er viðkvæðið gjarna þetta: „Við viljum ekki fara aftur í torfkofana, er það nokkuð?" Þetta drepur á dreif allri umræðu um alvöru sjálfbærni.

Við spyrjum á móti: Hvað skal gera til að byggt umhverfi Reykjavíkursvæðisins geti öðlast eins mikla hæfni til að aðlagast aðstæðum og þola áföll og torfkofarnir? Við gætum þurft á því að halda fyrr en okkur grunar.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**70 HARRISON FORD** leikari á stórafmæli í dag.
*„Ég er ekki fyrsti maðurinn sem vill gera breytingar á lífi sínu um sextugt og ég verð ekki sá síðasti.“*



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR MARKÚSSON**
**Funalind 1, Kópavogi,**

sem lést miðvikudaginn 27. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Markús Einarsson**
**Árni Dan Einarsson**
**Kristín Einarsdóttir**
**og barnabörn.**
**Hólmfríður Pálsdóttir**
**Sigrún Dan Róbertsdóttir**
**Jón Karlsson**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUÐJÓNS ANDRÉSSONAR**
**Hraunvangi 3, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki og hjúkrunarfólki á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir umönnun og hlýju.

**Sigfríður Runólfsdóttir**
**Birna Guðjónsdóttir** **Pierre Rabbath**
**Stefanía Guðjónsdóttir** **Ástvaldur Jóhannesson**
**Lilja Guðjónsdóttir** **Gunnar M. Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI JÓNASSON**
***bóndi á Grænavatni í Mývatnssveit,***

lést á Dvalarheimilinu Kjarnalundi þriðjudaginn 10. júlí. Útförin fer fram frá Skútustaðakirkju laugardaginn 21. júlí klukkan 14.00.

**Steingerður Sölveig Jónsdóttir**
**Jónas Helgason** **Guðrún Bjarnadóttir**
**Haraldur Helgason** **Freyja Kristín Leifsdóttir**
**Þórður Helgason** **Helga Þyri Bragadóttir**
**Árni Hrólfur Helgason** **Kristín List Malmberg**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR PÁLSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður til heimilis að Miðleiti 4, Reykjavík,**

lést þriðjudaginn 10. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. júlí klukkan 11.00.

**Ásta Benediktsdóttir**
**Kristrún R. Benediktsdóttir** **Jón R. Kristinsson**
**Ingibjörg K. Benediktsdóttir** **Friðrik Daníelsson**
**Árni Benediktsson** **Guðbjörg F. Ólafsdóttir**
**Páll Benediktsson** **Birna Björg Berndsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÓLAFS SVEINSSONAR**
**véltæknifræðings, Hagaseli 32.**

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Hanna Ólafsdóttir**
**Guðríður Ólafsdóttir** **Ársæll Már Arnarsson**
**Freydís Sif Ólafsdóttir** **Árni Már Rúnarsson**
**Þórdís Jóna Ólafsdóttir**
**og afabörn.**



✝

Okkar ástkæri frændi og vinur,

**EYJÓLFUR EYJÓLFSSON**
**frá Botnum í Meðallandi,**
**Sundlaugavegi 24,**
**Reykjavík,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum fimmtudaginn 5. júlí, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 17. júlí kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Birna Halldórsdóttir**



**ÓLYMPÍULIÐIÐ** Hópurinn er skipaður ungmennunum Pétri Rafni Bryde, Frey Sverrissyni, Atla Þór Sveinbjarnarsyni, Hólmfríði Hannesdóttur, og Stefáni Alexis Sigurðssyni. Þeim á hægri hönd er þjálfarinn Martin Swift,en saman halda þau til Eistlands á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FREYR SVERRISSON:** SÍMAR OG TÖLVUR VERÐA TEKNAR AF OKKUR Í ÞRJÁ DAGA

## Afstæðiskenningin heillar Ólympíufara í eðlisfræði

„Við vonumst til að vinna en ég veit ekki hversu raunhæft markmið það er,“ segir hinn efnilegi Freyr Sverrisson sem heldur út til Eistlands á morgun ásamt hópi ungmenna til að taka þátt í 43. Ólympíukeppninni í eðlisfræði. Keppnin fer fram dagana 15. til 24. júlí og er lið Íslands skipað auk Freys þeim Atla Þór Sveinbjarnarsyni, Hólmfríði Hannesdóttur og Stefáni Alexis Sigurðssyni úr Menntaskólanum í Reykjavík og Pétri Rafni Bryde úr Borgarholtsskóla en þau voru valin á grundvelli árangurs í Landskeppninni í eðlisfræði.

Freyr útskrifaðist úr MR í vor af eðlisfræðibraut tvö og hyggst leggja fagið fyrir sig en hann hefur nám í eðlisfræði við Háskóla Íslands í haust. Hann segir þennan mikla áhuga á fræðunum hafa kviknað fyrir ári. „Ég hef mjög gaman af þessu,“ nefnir hann og á erfitt með að gera upp við sig hvað standi upp úr. „Þetta er allt voðalega skemmtilegt en ég hef kannski mestan áhuga á afstæðiskenningunni og skammtafræðinni.“

Hópurinn hefur æft sig fyrir mótið í fimm vikur frá klukkan átta til fjögur og lýsir Freyr undirbúningnum sem fullri vinnu. Þjálfun var í höndum Martins Swift og verða þau Ingibjörg Haraldsdóttir, formaður Landskeppninnar í eðlisfræði, fararstjórar liðsins. Vegna reglna keppninnar verða þau aðskilin frá keppendum í nokkra daga. „Keppnin fer fram í Tartu í Eistlandi en fararstjórarnir verða í Tallin, nokkurra klukkutíma leið í burtu, í þrjá daga. Þeir fá að sjá keppnina fyrirfram til að samþykkja hana og við megum ekki vera í neinu sambandi við þá. Símar og tölvur verða teknar af okkur og við megum ekki vera í neinu sambandi við umheiminn yfir þann tíma,“ segir hann.

Keppnin sjálf fer fram næsta þriðjudag og fimmtudag og fá keppendur fimm klukkustundir til að ráða fram úr verkefnum hvorn daginn. Fyrst fá þau þrjú fræðileg verkefni til úrlausnar en síðari daginn tvær verklegar æfingar.

Leikarnir eru keppni framhaldsskólanema og taka lið frá 86 löndum þátt í ár. Undanfarin tuttugu og átta ár hefur Ísland sent hóp nemenda á leikana á sumrin en aldrei hefur þjóðin borið sigur úr býtum að sögn Freys. „Við höfum fengið brons. Það þykir mjög gott og við yrðum mjög ánægð með það en þau eru yfirleitt þjóðir frá Asíu sem taka þetta.“

hallfridur@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. JÚLÍ 1973

## Eldfjall Heimaeyjargossins nefnt



Eldfjallið sem myndaðist í Heimaeyjargosinu, sem stóð frá 23. janúar 1973 til 3. júlí sama ár, var gefið nafnið Eldfell, að tillögu Örnefnanefndar, 13. júlí árið 1973. Fjallið, sem er rétt rúmlega 200 metra hátt, er á Heimaey í Vestmannaeyjum.

Gosið er hið fyrsta sem hefst í þorpi á Íslandi og var sprungan gríðarstór í upphafi og stóðu eldtungurnar marga metra upp í loftið. Það voru loftskeytamaðurinn Hjálmar Guðnason og vinur hans, Ólafur Ganz, sem báru náttúruhamfarirnar fyrst augum og tilkynntu til lögreglu sem trúði tíðindunum ekki í fyrstu. Eftir nánari athugun var bærinn vakinn með brunalúðrum og íbúar eyjunnar streymdu niður að bryggju. Flestir sem upplifðu gosið telja að klukkan hafi verið fimm mínútur yfir tvö þegar jörðin opnaðist og gosið hófst.



✝

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÁRNI HREIÐAR ÁRNASON**
**húsgagnasmíðameistari,**
**Furugerði 1, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 3. júlí, verður jarðsunginn frá Seljakirkju mánudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Jytte Inge Árnason**
**Guðrún Árnadóttir** **Gísli Grétar Sólonsson**
**Rannveig Árnadóttir** **Eiríkur Jón Ingólfsson**
**Inga Magdalena Árnadóttir**
**Anna Arndís Árnadóttir** **Leifur Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir mín, fóstursystir, móðursystir, amma og langamma,

**HELGA FOSSBERG**

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni 11. júlí.

**Ragna Fossberg** **Björn Emilsson**
**Cyril Edward Hoblyn** **Sigríður Ólafsdóttir**
**Einar Örn Thorlacius**
**Jóhanna M. Thorlacius** **Loftur R.Gissurarson**
**Anna R. Magnúsardóttir** **Vilhjálmur Þorsteinsson**
**Ívar Örn Helgason** **Klara Rún Kjartansdóttir**
**Eiður Styrr**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FJÖR Á FLÚÐUM**

**Hljómsveitin Á móti sól með Magna Ásgeirsson í fararbroddi leikur á Útlaganum á Flúðum í kvöld og annað kvöld. Bylgjuball verður á morgun og heiðursgestur er enginn annar en Hemmi Gunn.**


FINLUX

ÞÚ FÆRÐ MIKIÐ FYRIR LÍTIÐ. HENTA VEL HVORT SEM ER Í STOFUNA, HERBERGIÐ, Á HÓTELIÐ, SUMARBÚSTAÐINN EÐA HJÓLHÝSIÐ.




12/230v

Finlux 22FLX850DVUD

22" HD LCD SJÓNVARP með DVD spilara, 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ 49.990

FULLT VERÐ kr. 59.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson í þáttunum Eldað með Holta á ÍNN gefur kjúklingauppskriftir alla föstudaga. Hér er hann með grillaðan kjúkling í kryddlegi ásamt rótargrænmeti og steiktum perum.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka kjúklingarétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Næstu föstudaga mun hann bæta um betur með uppskriftum hér á forsíðu Fólks.

Í dag er hann með uppskrift að grilluðum kjúklingi í kryddlegi ásamt rótargrænmeti sem steikt er á opinni pönnu á grillinu. Hann er borinn fram með steiktum perum með mangó chutney og hvítlauksrjómaosti og ljúffengri jógúrtsósu. Veglegur og frískandi réttur, tilvalinn á grillið í sumarblíðunni.

Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpstöðinni ÍNN. Þættirnir eru endursýndir yfir helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## GRILLAÐAR KJÚKLINGABRINGUR Í KRYDDLEGI

**KRYDDLÖGUR**
- 3 msk. dijon-sinnep
- 30 ml sítrónusafi
- 50 ml olía
- 2 msk. sojasósa
- 2 msk. grænt pestó
- 3 msk. púðursykur

**KJÚKLINGUR**

Skerið fjórar kjúklingabringur í tvennt.Látið þær liggja í kryddleginum í um 40 mínútur og grillið svo í grillgrind.

**GRILLAÐ RÓTARGRÆNMETI**
- 1 pakkning smámaís
- 150 g rauðlaukur
- 1 gulur kúrbítur
- 1 grænn kúrbítur
- 1 sæt kartafla
- 1 askja Flúðasveppir

**Aðferð**

Skerið grænmetið í millistóra bita, setjið olíu yfir og kryddið með McCormick barbecue-kryddi. Steikið á opinni pönnu á grillinu.

**STEIKTAR PERUR**
- 3 perur
- 100 ml mango chutney
- 4 msk. rjómahvítlauksostur

**Aðferð**

Skrælið perurnar og skerið í mátulega bita. Blandið þeim saman við mangó chutney-ið og rjómaostinn. Steikið á pönnu í um 20 mínútur.

**SÓSA**
- 200 ml grísk jógúrt
- 100 ml hrein jógúrt
- 1 paprika
- steinselja
- 1 msk. síróp

**Aðferð**

Skerið paprikuna og steinseljuna smátt og blandið öllu saman.





Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is















**UNDIRBÚNINGUR** Jóna Hildur hóf undirbúning fyrir Laugavegshlaupið síðasta haust. MYND/VALLI

# DRAUMURINN RÆTIST

**ÁSKORUN** *Rúmlega 300 keppendur taka þátt í Laugavegshlaupinu um næstu helgi. Hlaupaleiðin er í senn krefjandi og hrikalega falleg.*

Laugavegshlaupið fer fram í sextánda skiptið laugardaginn 14. júlí. Hlaupið er frá Landmannalaugum inn í Húsadal í Þórsmörk. Rúmlega 300 hlauparar eru skráðir til leiks, þar af 97 erlendir hlauparar. Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri á almenningsíþróttasviði ÍSÍ, tekur þátt í Laugavegshlaupinu í fyrsta skiptið og hlakkar mikið til.

„Ég gekk Laugaveginn fyrst árið 1999 og setti mér þá strax það markmið að hlaupa hann einhvern daginn. Nú er draumurinn loks að rætast.“ Jóna hóf undirbúning fyrir hlaupið síðasta haust með lyftingum og léttum hlaupum. Hún hóf að hlaupa lengri vegalengdir í mars ásamt því að hlaupa í utanvegarhlaupum og upp á Esjuna. „Eftir allan undirbúninginn er tilhlökkunin eðlilega mjög mikil. Hlaupaleiðin er hrikalega falleg og mikil áskorun. Auðvitað er ég smá kvíðin en spennan og tilhlökkunin eru ráðandi.“ Hlaupið er 55 kílómetrar og mikil þolraun fyrir keppendur. Hlaupið er á malarstígum og sandi og stundum þarf að hlaupa yfir snjó og ís. Jarðhitasvæði er á leiðinni og vaða þarf yfir eina jökulá.

Jóna hefur stundað hlaup frá árinu 1994. Hún hefur keppt í tíu kílómetra hlaupum og hálfmaraþoni og lauk maraþonhlaupi árið 2007. Þrátt fyrir það segir Jóna fyrsta markmið sitt vera einfaldlega að klára hlaupið. „Ef allt gengur samkvæmt áætlun stefni ég á að klára á sjö til sjö og hálfum tíma. Reyndar er veðurspáin mjög hagstæð hlaupurum og því gæti hún átt sinn þátt í að hlaupið gangi betur.“

Þegar svo erfitt hlaup er undirbúið skiptir miklu máli að æft sé með skemmtilegum hópi að sögn Jónu. Sjálf hefur hún hlaupið með skokkhópi Fram í Grafarholti og með Haukum í Hafnarfirði. „Við erum tuttugu sem förum saman frá Haukum í hlaupið og hefur undirbúningurinn verið skemmtilegur en krefjandi.“

Fjölskylda Jónu ætlar að mæta í Þórsmörk deginum áður og taka á móti henni við endalínuna. Þegar hlaupi lýkur verður boðið upp á grillveislu og skemmtun fyrir þátttakendur. „Það verður gaman að fá góðar móttökur þegar ég kem í mark. Ég vona að minnsta kosti að ég skili mér í þangað.“

Fleiri hlaup eru fyrirhuguð í sumar enda úr nógu að velja yfir sumartímann hérlendis. Jóna hefur sett stefnuna á Reykjavíkurmaraþon í ágúst þar sem hún hyggst hlaupa hálfmaraþon. Fjölskyldan ætlar austur á land í sumarfríinu og ætlar Jóna að taka hlaupaskóna með enda alls staðar hægt að hlaupa. ■ **starri@365.is**



**ÚTSÝNI** Hlaupara bíður fallegt landslag og stórkostlegt útsýni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# IÐANDI LISTALÍF Í NORÐURPÓLNUM

*Vinnslan verður sett upp í annað sinn á morgun. Um þrjátíu listamenn tóku þátt síðast og um þrjú hundruð áhorfendur mættu til að njóta verkanna.*

Vinnslan er er nýr tilraunavettvangur allra listgreina. Hún verður sett upp í annað sinn annað kvöld í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Um það bil tuttugu listamenn og hópar úr mismunandi listgreinum munu sýna verk sín og hugmyndir.

Vinnslan gengur út á að listafólk geti látið reyna á verk sín og hugmyndir í vinnslu fyrir framan áhorfendur. Áhorfendur fá því að upplifa sviðslistaverk, innsetningar, myndlist, vídeóverk, tónleika og fleira. „Okkar stefna er að afmá landamæri milli listgreina og skapa samræður milli listamanna og áhorfenda lista um sköpun. Að okkar mati er það nauðsynlegt fyrir framþróun lifandi lista hérlendis,“ segir Vala Ómarsdóttir leikhúslistamaður og einn stofnenda Vinnslunnar.

Þetta verður í annað sinn sem Vinnslan verður sett upp en sú fyrsta var haldin í maí síðastliðnum við góðar undirtektir en þá mættu þrjú hundruð áhorfendur til að njóta verkanna. „Við lofum ævintýri fyrir öll skynfæri,“ segir Vala.



**LISTAFÓLK** Fríður hópur listafólks stendur fyrir Vinnslunni.

Þau sem skipa hópinn sem stofnaði Vinnsluna kynntust í London þar sem þau lærðu og unnu í sinni listgrein en eru nú öll flutt heim og stefna á að halda Vinnslukvöld einu sinni í mánuði. Á morgun verður húsið opið fyrir áhorfendur frá klukkan 19.30 til miðnættis.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**







Hrannar Erlingsson, framkvæmdastjóri Maritech, segir mestan vöxt undanfarið hafa verið í viðskiptagreindarlausnum en hugbúnaðarlausnir Maritech eru hannaðar fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

# Sérhönnuð bókhaldskerfi fyrir fyrirtæki

**Maritech** er hugbúnaðar- og þjónustufyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar. Það sér um bókhaldskerfi yfir 300 fyrirtækja á Íslandi í öllum geirum atvinnulífsins, allt frá minnstu fyrirtækjum til þeirra stærstu.

Maritech er söluaðili Microsoft Dynamics NAV á Íslandi. Það hefur hlotið fjölda viðurkenninga frá Microsoft fyrir starfsemi sína, meðal annars var það kosið Samstarfsaðili ársins af Microsoft árin 2010 og 2011 og auk þess Fyrirmyndarfyrirtæki VR sömu ár.

Hrannar Erlingsson er framkvæmdastjóri Maritech en fyrirtækið býður upp á sérhæfðar lausnir fyrir íslensk fyrirtæki. „Við smíðum okkar lausnir ofan á grunnpakkann frá Microsoft,“ útskýrir Hrannar. Lausnirnar eru annaðhvort sérhæfðar fyrir ákveðnar atvinnugreinar, til dæmis sjávarútveg, eða einfaldlega sérhæfðar fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi. „Við erum til dæmis með launakerfi, innheimtukerfi, bankasamskiptakerfi, tollakerfi og ýmis kerfi sem eru hönnuð sérstaklega fyrir Ísland,“ útskýrir Hrannar. „Með þessu móti náum við að sameina þetta innlenda þekkingu við það besta sem kemur frá Microsoft til hagsbóta fyrir viðskiptavini okkar.“

### Innleiðing hugbúnaðarins

Starfsemi Maritech felst ekki einvörðungu í forritun hugbúnaðarins heldur fylgir fyrirtækið starfseminni inn í viðskiptafyrirtækin. „Við seljum hugbúnaðinn og innleiðum hann. Þetta er orðið nokkuð flókið svo yfirleitt þarf töluverða aðstoð við innleiðinguna. Því stærri sem fyrirtækin eru því flóknari er innleiðingin. Hún tekur því mislangan tíma. Þetta getur verið hálfur dagur hjá minnstu fyrirtækjunum en farið upp í fleiri mánuði eða jafnvel ár hjá þeim stærstu,“ segir Hrannar og bætir við: „Bókhaldskerfi eru orðin talsvert meira en í gamla daga þegar það var bara debet eða kredit.“

> **Bókhaldskerfi eru orðin talsvert meira en í gamla daga þegar það var bara debet eða kredit.**

### Maritech-skólinn

Á vefsíðu Maritech er talað um svokallaðan Maritech-skóla en í honum er kennt á þann hugbúnað sem Maritech þjónustar, bæði grunnnámskeið í notkun hans sem og sérhæfðari námskeið. „Við höfum í auknum mæli verið með sérnámskeið, sniðin að þörfum einstakra fyrirtækja,“ segir Hrannar. „Þá koma starfsmenn fyrirtækisins og sækja þau námskeið til að dýpka þekkingu sína.“

Maritech sinnir fyrirtækjum í ólíkum atvinnugreinum en upphaflega var áherslan nær eingöngu á sjávarútveg. Hann leikur enn stórt hlutverk hjá Maritech. Til að mynda er útflutningur þeirra mestur í tengslum við sérhæfðan viðskiptahugbúnað fyrir sjávarútveg. Meðal viðskiptavina erlendis eru fyrirtæki í Evrópu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Máritius, Hong Kong, Bandaríkjunum og Kanada.

Undanfarið hefur þó mestur vöxtur verið í viðskiptagreindarlausnum, sem kallast Wise Analyzer. Þær lausnir veita fjölbreytta möguleika á að fylgjast með og greina upplýsingar fyrir stjórnendur í rauntíma. Um er að ræða sérhannað umhverfi fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga.

### Margs konar lausnir

Maritech leggur mikla áherslu á að fylgja nýjungum og þróa lausnirnar í samræmi við kröfur neytenda á markaðnum. Meðal hugbúnaðarlausna sem Maritech býður upp á eru sérhannaðar lausnir fyrir sveitarfélög, sjávarútveg, þjónustufyrirtæki og flutningsfyrirtæki.

Að auki býður Maritech upp á persónulega þjónustu fyrir þau fyrirtæki sem þurfa á að halda: „Fyrir stærri fyrirtækin forritum við gjarnan ýmsar séraðlaganir,“ útskýrir Hrannar. Umfram annað leggur Maritech metnað í að viðskiptavinir nái fram hagræðingu og forskoti í samkeppni með því að nota lausnir Maritech.

Á vefsíðu Maritech, www.maritech.is, má lesa nánar um hugbúnaðarlausnirnar og þjónustu fyrirtækisins.




MINNI VINNA VIÐ BÓKHALDIÐ

Regla er nútíma viðskiptakerfi sem getur m.a. nýtt sér færslur frá bönkunum, sjálfvirkni og rafræn skil til þess að auka verulega afköst við bókhaldsvinnu og auðvelda þannig rekstur jafnt lítilla sem meðalstórra fyrirtækja.

**Prófaðu fjölmarga kosti Reglu viðskiptakerfis frítt í 30 daga á www.regla.is**

regla

Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

# Verkefnin hafa ekkert breyst

Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi bókara hérlendis undanfarna áratugi. Miklar tækniframfarir hafa gjörbreytt aðstæðum þeirra.



Sigríður Jóna Friðriksdóttir, rekstrar- og viðskiptafræðingur, hefur upplifað miklar breytingar á 39 ára starfsferli í bókhaldi. MYND/VALLI

Í þau tæplega fjörutíu ár sem Sigríður Jóna Friðriksdóttir hefur starfað við bókhald hefur hún orðið vitni að mjög miklum breytingum. Sigríður hóf störf fyrir 39 árum, eftir útskrift úr Verslunarskólanum, og starfaði á ýmsum bókhaldsstofum þar til hún stofnaði eigið fyrirtæki árið 1990. „Þrátt fyrir allt má segja að verkefnin hafi í grunninn ekkert breyst. Við erum enn að færa bókhald eins og áður. En vinnubrögðin hafa breyst gríðarlega.“ Hún nefnir sem dæmi að í upphafi starfsferilsins hafi hún handfært bókhald í bækur fyrstu árin. Síðan komu spjaldtölvur til sögunnar sem þóttu mikill lúxus að sögn Sigríðar. Á þessum árum var hver reikningur á einu spjaldi og færslurnar færðar þar inn. „Svo tóku tölvurnar við á fyrri hluta níunda áratugarins og þá varð bylting. Í kjölfar þeirra breyttust vinnubrögð okkar gríðarlega mikið eins og gefur að skilja. Árin þar á eftir einkenndust svo af mikilli þróun í tölvumálum og tölvukerfum. Það var alltaf verið að uppfæra tölvurnar sem urðu sífellt öflugri. Forritin sem við unnum á urðu að sama skapi öflugri og flóknari og við vorum alltaf að læra eitthvað nýtt. Hins vegar hefur hægt á þessari þróun undanfarin ár sem hafa einkennst af meiri stöðugleika.“

Lagaumhverfi bókhaldsstofa tekur sífelldum breytingum. Bókarar eru í stöðugri símenntun og heldur Félag bókhaldsstofa meðal annars tvær ráðstefnur á ári. „Félag bókhaldsstofa gerir kröfur um að við uppfyllum ákveðin símenntunarskilyrði. Það gerum við meðal annars með því að sækja ráðstefnur þeirra og námskeið hjá háskólum hérlendis. Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt eru félagsmenn reknir úr félaginu.“

Atvinnuhorfur eru góðar hjá bókurum og það fjölgar í stéttinni. Sigríður segir mikla þörf á markaðnum fyrir góða bókara. Hún segir þó að huga þurfi betur að menntunarmálum stéttarinnar. „Það er mín skoðun og margra í stéttinni. Bókhaldsstofur eru eins og uppeldisstofnanir. Það er ekki hlaupið að því að fá góða kennslu í bókhaldi. Verslunarskólinn hefur alla tíð boðið upp á öflugasta grunninn en það vantar hérlendis góða bókhaldskennslu á háskólastigi.“

# Gott bókhald – grunnur að réttum ákvörðunum

Vel skipulagt bókhald gefur góðar upplýsingar um rekstur fyrirtækja og nýtist stjórnendum við ákvörðunartöku og við að skila góðum rekstri. Bókhalds- og fjárhagskerfin sem Advania býður upp á eru auðveld í notkun og hægt er að fá ráðgjöf í hagnýtingu þeirra.

Advania býður afar fjölbreytt úrval fjárhags- og bókhaldskerfa og veitir ráðgjöf í hagnýtingu þeirra. Fyrir stærri fyrirtæki má nefna Microsoft Dynamics Ax og Microsoft Dynamics NAV. Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki býður Advania tvær alíslenskar viðskiptalausnir, TOK og ÓPUSAllt.

### Auðveldar tengingar við önnur kerfi

„ÓPUSAllt hefur verið á markaðnum síðan 1983 og er í stöðugri þróun. Í ÓPUSAllt eru kerfiseiningar sem uppfylla kröfur flestra fyrirtækja um virkni viðskiptahugbúnaðar. Margir viðskiptavinir hafa nýtt sér tengimöguleika við önnur kerfi með góðum árangri. ÓPUSAllt hefur til dæmis verið tengt við vefverslanir, handtölvukerfi og skannasölur,“ segir Guðlaug Baldvinsdóttir, ráðgjafi hjá Advania.

ÓPUSAllt í kerfisleigu nýtur vaxandi vinsælda. „Greitt er fast mánaðargjald á hvern notanda og kerfið er nánast tilbúið til notkunar. Aðeins þarf að setja upp bókunarupplýsingar og reikningseyðublöð til þess að hægt sé að byrja að nota kerfið.“

Stefnt er að því að gera ÓPUSAllt að pappírslausri viðskiptalausn. „Við bjóðum rafrænar sendingar og móttöku á reikningum í gegnum Skeytamiðlara Advania, tengingar við skattinn, banka, rafræn vörufylgibréf og fleira. Rafræn afstemming bankareikninga, viðskiptamanna, lánardrottna og fjárhagsbókhaldslykla er auðveld. Einfalt er að taka út skýrslur yfir í Excel eða senda ýmis gögn, svo sem hreyfingarlista, innkaupapantanir, afrit af reikningum og skýrslur yfir í Excel, Word eða sem PDF-skjöl,“ bætir Guðlaug við.




Guðlaug og Linda, ráðgjafar hjá Advania, eru sammála um að bókhaldskerfin sem fyrirtækið býður upp á séu auðveld í notkun. Advania býður fjölbreytt úrval fjárhags- og bókhaldskerfa og veitir ráðgjöf í hagnýtingu þeirra. MYND/VALLI

### Fljótlegt og auðvelt í notkun

„TOK hefur staðið íslenskum fyrirtækjum til boða í þrjá áratugi. Við höfum byggt upp mikla þekkingu á þörfum viðskiptavina okkar á þessum tíma,“ segir Linda Ólafsdóttir, ráðgjafi hjá Advania. Yfir þúsund fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífsins nota TOK. Að sögn Lindu er fjárhagur grunnurinn í TOK og má bæta við kerfiseiningum eftir þörfum. Kerfin í TOK eru: fjárhagur, viðskiptamenn, félagatal, sölukerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, verkbókhald, innheimtukerfi, pantana-, tilboðs- og sölupantanakerfi svo og kassatengingar og tenging við þjóðskrá.

„Einstaklega fljótlegt er að læra á TOK og auðvelt að bóka í því. Með því fylgir sérstakt tól sem aðstoðar við stofnun fyrirtækis. Einfalt er að bæta við reikningslyklum, stofna nýjan viðskiptamann eða lánardrottin og útbúa reikninga,“ bætir Linda við.

**HELSTU KOSTIR TOK**

- Skeytamiðlun Advania til að senda rafræna reikninga
- Rafrænar tengingar vegna greiðsluseðla, virðisaukaskýrslna, staðgreiðslu skatta, lífeyrissjóðsgjalda, stéttarfélagsgjalda og fleira
- Innlestur bankaupplýsinga
- Greinargóðar skýrslur
- Auðvelt er að kalla fram Excel- og Pivot-töflur
- Flýtiaðgerðir og öflug vefhjálp
- Virðisaukaskýrslur og skilagreinar staðgreiðslu lífeyrissjóða sendar rafrænt

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is sími 512 5411. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Kerfi sem lærir

Kjartan Ólafsson rekur fyrirtækið Reglu sem er með ódýrt og hentugt bókhaldskerfi fyrir minni og millistór fyriræki. Boðið er upp á þrjátíu daga ókeypis prufuáskrift án skuldbindingar.

Bókhaldskerfi Reglu er hannað með sjálfvirkni að leiðarljósi sem auðveldar rekstur og minnkar vinnu. „Kosturinn við Reglu er að það er allt á netinu, engin þörf er á að kaupa eða setja upp dýran hugbúnað. Kerfið er einfalt í notkun, hraðvirkt og sniðið að minni og millistórum fyrirtækjum," segir Kjartan Ólafsson framkvæmdastjóri.

### Kerfi sem lærir

Sérstaða Reglu er sú að það er hannað til þess að læra inn á notandann og hans sérþarfir. „Regla er nettengd öllum helstu stofnunum og fyrirtækjum sem rekstraraðilar þurfa að vera í samskiptum við til að nálgast eða skila nauðsynlegum upplýsingum. Kerfið les færslur frá bönkum sem eykur afköst við bókhaldsvinnu. Skilagreinar í lífeyrissjóði, VSK-uppgjör og fleira er sent rafrænt til móttakanda í gegnum Reglu. Eftir að búið er að skilgreina ákveðna þætti innan kerfisins þekkir það aftur sambærilegar færslur. Þannig hafa fyrirtæki getað aukið sjálfvirkni og minnkað bókhaldsvinnu um allt að 50% miðað við að færa inn hverja færslu handvirkt."

### Auðveldar samvinnu

Regla er eitt fárra fyrirtækja sem



Kerfið er íslensk smíði sem Þróunarteymi Reglu hefur unnið í samstarfi við notendur og bókhaldsstofur undanfarin ár. MYND/VALLI

bjóða upp á bókhald á netinu í áskrift. „Þegar búið er að greiða áskriftargjaldið er hægt að skrá sig inn í kerfið úr hvaða tölvu sem er, hvar sem er í heiminum. Einnig geta margir unnið samtímis í kerfinu hver á sínum staðnum. Notandinn getur skrifað reikning á einum stað á meðan bókarinn vinnur í bókhaldinu og launadeildin vinnur í launaseðlum annars staðar og allt uppfærist jafnóðum."

### Öflug og örugg nettenging

Síminn sér um gagnavistun, afritun og nettengingu fyrir Reglu sem varin er með SSL-öryggi og öll samskipti dulkóðuð.

### Stöðug þróun

Kerfið er íslensk smíði og hefur verið þróað í nánu samstarfi við notendur og bókhaldsstofur undanfarin ár. Nú er verið að vinna að áskriftar- og félagakerfi svo nokkuð sé nefnt.

### Enginn stofnkostnaður

Lítil sem engin fyrirhöfn er að byrja að nota viðskiptakerfi Reglu. „Þú einfaldlega opnar vafrann, skráir þig inn á Regla.is og byrjar að nota kerfið, laus við vinnu og kostnað sem fylgir því að setja upp, innleiða, reka og viðhalda hefðbundnu viðskiptakerfi. Aðeins er greitt sanngjarnt afnotagjald mánaðarlega."

### Frítt í 30 daga án skuldbindinga

Á vef Reglu er hægt prófa þrjátíu daga ókeypis áskrift. Þannig er öllum frjálst að reyna kerfið án skuldbindinga áður en áskrift er keypt.



Matarinnkaup eru einn stærsti liður í heimilisbókhaldi flestra heimila.

# Haltu vel utan um heimilisbókhaldið

Það hefur sýnt sig og sannað að fjölskyldur sem gera raunhæfar fjárhagsáætlanir hafa meiri peninga á milli handanna þegar upp er staðið.

Kannanir hafa bent til þess að fólk sem fylgist vel með því hvert peningarnir fara hefur meiri stjórn á þeim. Best er að gera fjárhagsáætlun eins og til dæmis að ákveða hversu miklu má eyða í skemmtanalíf, mat, föt og fleira og hversu mikið maður ætlar að leggja fyrir í sparnað á mánuði.

Hægt er að færa heimilisbókhaldið á netinu og er boðið upp á það hjá sumum bönkum. Útgjöldin flokkast í þrennt; sparnað, neyslu og niðurgreiðslu lána. Mikilvægt er að setja sparnað í forgang og víkja ekki frá þeirri reglu. Mundu að sparnaður kemur í veg fyrir frekari lántöku síðar meir.

Settu þér raunhæf markmið um hvað þú ætlar að eyða miklu á viku í mat og bensín, mundu að óhollu, ónauðsynlegu hlutirnir eru oftast dýrastir. Að halda heimilisbókhald á netinu er auðvelt en það er auðvitað líka hægt að kaupa sér dagbók og höfuðbók.

Dagbók er stór og fyrirferðarmikil þar sem hver einasta færsla yfir daginn er skráð. Í höfuðbókina eru niðurstöður dagbókar flokkaðar eftir reikningum og þar hefur hver reikningur sína síðu. Úr upplýsingum úr höfuðbókinni er gerður efnahagsreikningur og rekstrarreikningur sem segja til um stöðu fyrirtækisins á ákveðnum tímapunkti.

Það eru ekki allir sem kunna að færa bókhald en það er auðvitað mikilvægast að muna að kredit er hægra megin og debet vinstra megin.



Reynd

MICROSOFT DYNAMICS NAV VIÐSKIPTALAUSNIR.

Reynd er öflugt hugbúnaðar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur á skömmum tíma skipað sér í flokk með fremstu fyrirtækjum landsins á sínu sviði.

Reynd sérhæfir sig í ráðgjöf og þjónustu fyrir Microsoft Dynamics NAV viðskiptahugbúnað.

Reynsla starfsmanna Reynda nær út fyrir hið hefðbundna svið upplýsingatækninnar og innan fyrirtækisins eru aðilar sem hafa mikla reynslu af greiningu gagna, ráðgjöf til stjórnenda, breytingarstjórnun og rekstri fyrirtækja, innanlands sem og erlendis.

Markmið Reyndar er að gera viðskiptavinum sínum kleift að ná þeim árangri sem þeir sækjast eftir. Það gerum við með því að veita þeim faglega og persónulega þjónustu og finna með þeim bestu mögulegu lausnirnar hverju sinni.

**Hafðu samband. Við hugsum með þér.**

Microsoft Dynamics xadd

REYND ehf. | Nóatún 17 | 105 Reykjavik
Tel. (+354) 512 4300 | Email: info@reynd.is

# Ný aðferðafræði í innheimtu krafna

**Inkasso** hefur vakið mikla athygli fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna en sú leið hefur hagsmuni allra málsaðila að leiðarljósi.

Inkasso sérhæfir sig í ráðgjöf og innheimtu með fyrirtækjum landsins. Félagið hefur vakið mikla athygli frá stofnun 2010 fyrir nýstárlega aðferðafræði í innheimtu krafna sem gengur út á að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla málsaðila.

„Við viljum ekki að viðskiptavinir kröfuhafa hætti hjá þeim þótt þeir fái sent bréf frá innheimtufyrirtæki. Þvert á móti viljum við vinna með kröfuhöfum og greiðendum. Markmiðið er að bæði kröfuhafi og greiðandi séu sáttir. Til að ná því verða auðvitað allir málsaðilar að vera sveigjanlegir og nálgast málin með opnum huga. Umfram annað þurfa svo kröfuhafar og greiðendur að vera sáttir við okkar þjónustu.“

Þannig lýsir Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Inkasso, stefnu félagsins en hann segir árangurinn síðustu sautján mánuði vera slíkan að í kringum 400 fyrirtæki nýti sér nú þjónustu þess. Aukna eftirspurn þakkar hann enn fremur fullkomnu kerfi sem öflugt forritunarteymi Inkasso hefur þróað í samstarfi við bankana og gerir kröfuhöfum kleift að hafa fullkomna stjórn á málum sínum og yfirsýn. „Þeir geta strax sjálfir framkvæmt í kerfinu þær breytingar sem þeim hentar, fellt niður kröfur, gert greiðsluplan eða hvað svo sem hentar hverju sinni jafnvel þótt viðskiptavinurinn bíði í símanum.“

Eins og áður sagði leggur Inkasso áherslu á gott samstarf allra málsaðila. Til marks um það heldur félagið kostnaði ávallt í lágmarki fyrir greiðendur. „Það er eins og þekkt er að það er ólíðandi að fá bréf með til að mynda 1.000 króna höfuðstól og bréfið er með 1.190 kr kostnaði. Sú aðferð er ósanngjörn fyrir okkur sem þurfum að vinna saman; kröfuhafa, greiðendur og okkur hjá Inkasso. Enginn kröfuhafi vill vinna gegn sínum greiðendum og hætta á að glata viðskiptavinum vegna innheimtufyrirtækisins,“ segir hann.

Guðlaugur bendir á að Inkasso semji því við kröfuhafa um kostnað sem fellur á greiðanda. „Þjónusta okkar er kröfuhöfum að kostnaðarlausu,“ segir hann. „Við erum sem sagt ekki með nein gjöld, svo sem árgjöld, þjónustugjöld eða skráningargjöld og hvorki árangurstengda þóknun né niðurfellingarkostnað. Sá kröfuhafi sem kemur í þjónustu til okkar fær aldrei reikninga því þjónustan er gjaldfrjáls. Þá bjóðum við kröfuhöfum einnig þá þjónustu að senda reikningana fyrir þá,“ Í því samhengi nefnir hann að Inkasso bjóði kröfuhöfum að prenta út reikninga og greiðsluseðla þeirra, en þá þjónustu nýta mörg fyrirtæki sér.



Góður árangur hefur hlotist af starfi Inkasso. Til marks um það nýta sér nú í kringum 400 fyrirtæki þjónustu félagsins, bendir Guðlaugur á.

*Nánari upplýsingar á heimasíðu Inkasso, slóðin er www.inkasso.is eða í síma 520-4040.*

**Inkasso- strax** er ný þjónusta hjá Inkasso sem snýst um reikningagerð fyrir lítil fyrirtæki og einyrkja. Þjónustan var sett á fót vegna vaxandi eftirspurnar frá iðnaðarmönnum, leigubílstjórum, tannlæknum og öllum þeim sem ekki hafa aðgang að bókhaldskerfi eða voru í leit að auðveldri leið til að senda út reikninga. Nánar á Inkasso-strax.is.





Takk fyrir að velja Inkasso

Við sjáum um: fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginnheimtu.

Yfir 400 fyrirtæki **velja Inkasso** – við þökkum þeim traustið.

**Kynntu þér málið núna á Inkasso.is eða hringdu í síma 520-4040 og fáðu nánari upplýsingar.**

INKASSO

*Inkasso tekur enga þóknun af höfuðstól innheimtra krafna.

INKASSO ehf. | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 520-4040 | Fax 520-4041 | inkasso@inkasso.is | www.inkasso.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 120751

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



FIAT Miller . Árgerð 2006, ekinn 54 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.102110.bílinn er á staðnum Bílabankinn 588-0700



FIAT Joint z 550. Árgerð 2007, ekinn 114 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.900.000. Rnr.201825.Bílabankinn 588-0700 bílinn er á staðnum

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Bílalíf



**SPORTBÁTUR - 2.990.000**
MV-MARIN 90 HÖ SUZUKI Lengd 5,4m. Árgerð 2007.Verð áður 3.790.000.- Tilboð 2.990.000.- vagn fylgir, er á staðnum. Rnr.124522. Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

STÓRA BÍLASALAN



Subaru Legacy Luxury Árgerð 2007, ekinn 78þ.km, ssk, leður, lúga o.m.fl.. Fallegur bíll sem er á staðnum! Verð 2.750.000kr. Raðnúmer 132509. Sjá nánar á www.stora.is



NÝR BÍLL - Toyota Yaris HYBRID Árgerð 2012, álfelgur, hraðastillir, a/c o.m.fl.. Sannkallaður sparibaukur! Verð aðeins 3.190.000. Raðnúmer 132536. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélasalan
577 4777



OPEL Zafira-a comfort. Árgerð 1999, 7 manna, bensín, 5 gírar. TILBOÐSVERÐ 480 þús .. er á staðnum Rnr.105038.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Comby Camp famely árg. 2004 fortjald, eldhús, tengi fyrir gaskút á beisli,230 w tenging í vagninn,vel útbúinn vagn. Verð 750 þús



Til sölu A liner Chalet Alpine W Cargo Box. Árg 2007 sólarsella, sjónvarploftnet, salerni. Sér ekki á hýsinu ,lítið notað. Verð 1980 þús Raðn. 110679

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

100 bílar bílasala



LINCOLN Mark 4wd LT 35". Árg 2008, ek 46 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum, 2x dekkjagangar á felgum omfl, Verð 6.500.000. Rnr.116320. Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00.**
**Lokað á laugardögum**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Mistubishi Montero 05 ek 90 þús. míl. Ásett verð 2.490þús staðgr. 1.990þús. Leður, limited, 33" dekk, ný tímareim. S. 895 0484



Mercedes benz sprinter 318 CDI, árg'08 Ek.156þús. Verð 6,9millj með skatt áhvílandi 3,7millj. Uppl í síma. 6984945



Vel hannað og rúmgott Monterey Elite Coleman/Fleetwood með, 12 fet árg. 04, rafmagns tjöldun, Truma-miðstöð, fortjald, heit og kalt vatn, 220v. Sjón er sögu ríkari. Verð 1.650. Tilboð. S:825-9111 Viggó



Flott tækifæri. „Geimsnerill" til sölu. Góðir tekjumöguleikar. Athuga skipti á bíl. Uppl. í s. 896 0096.



Silfurgrár Mercedes Benz jeppi ML320. Leðurklæðning að innan, sóllúga. Árgerð 2000. Keyrður 173822 km. Negld vetrardekk fylgja. Mjög gott viðhald. Verð: Tilboð. Guðni s. 8986042.



Volvo árg'96 850. Nýskoðaður. Verð 200 þús. Uppl. í s. 899 4457

Merzedes E 320 CDI avangarde dökkgrár Ek.176Þkm V. 4.9M stgr 3.9M S. 662 1663 eða 772 0133.

Volvo S60, árg. '04, ek. 116 þ. km. dökkgrár. Tilboðsverð. 1.790 þ. Í góðu ástandi. S. 662 1663 eða 772 0133.

## 0-250 þús.

Ford Fiesta 2000 árg. til sölu. Þarfnast viðgerðar(þarf að líta á bremsur, kúplingu og dempara). Ný tímareim, vél í fínu lagi. Keyrður 121.000 km. Góður í snjó. Fer ódýrt. uppl. 696 1647



**SJÁLFSKIPTUR TILBOÐ 240 ÞÚS!**
Mitsubishi Lancer 1,3 árg'98 ek.180 þús,sjálfskiptur,skoðaður 2013,ásett verð 380 þús TILBOÐ 240 þús s.841 8955

Til sölu Impreza árg'98, ek 230þus, skoðuð og í góðu lagi. Uppl í s. 8981649

## 250-499 þús.



**!!KRÓKUR..Tilboð 250þ!!**
Frábær Mitsubishi Lancer 1.6 Wagon 99"með dráttarbeysli. Bsk, Ekinn 150þ. Nýtt pústkerfi ofl. Skoðaður 13. Verð 370þ. Tilboð 250þ. uppls 7773077



**TILBOÐ 350 ÞÚS!**
NISSAN PRIMERA árg'01, ek.139 þús, sjálfskiptur,ásett verð 590 þús TILBOÐ 350 ÞÚS! s.841 8955

## 1-2 milljónir



**Góður fjölskyldubíll 7 manna.**
Chrysler 7 manna bíll til sölu. Bíll frá Evrópu sem eyðir minna c.a 12L/100. Frábær fjölskyldubíll í toppstandi. Árg. 2005, ek. 142þús., Tilboð 1.590.000, áhvílandi lán ca. 1mills getur fylgt. Lítil útborgun eða skipti. Uppl. í síma 823 3344.

## Bílar óskast

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL !!!**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Mótorhjól



**TIL Sölu HONDA VTX 1800CC**



Til sölu Yamaha YZF-R1 árg. 2010. Ekið 8km ónotað. Fallegt hjól. Aðeins bein sala kemur til greina. Ásett verð kr. 1990þ. Góður staðgr.afsl. Uppl. í síma 856-5566

## Vespur



Til sölu Piaggio Vespa S 125 c.c. Ekið: 1.000 km Verð: 500.000.- Tilboðsverð: 290.000.-

## Kerrur



2ja öxla kerra 3,0 x 1,5m burðargeta 2000kg Tilboðsverð 525þ.kr m/vsk Topplausnir smiðjuvegi 40 s:5177718

## Hjólhýsi



Hobby kojuhús 560 ukf 2006, truma rafmagns og gas hitari, sjónvarps loftnet, Nýr rafgeymir, nýjar bremsur. Engin skipti. S. 694-9004



Til sölu; NÝTT FENDT SAPHIR 460 TF, Glæsilegt og vandað hjólhýsi. Verð 3.990.000.- Uppl. 892-1424

## Fellihýsi



Fleetwood Yuma 9.5 fet, árg 2005. Upphækkað á stærri dekkjum og álfelgum, heitt og kalt vatn (útisturta) og markísa. Verð 1.090.000. kr.sími 861-1718 Aldís



COLEMAN BAYSIDE 2005 Til sölu. Aðeins 1.690 kr með fortjaldi. Sími 898 3177



10 feta Fleetwood Colonial 05, Jeppa fellihýsi á loftpúðafjöðrun. Hús í góðu standi og hlaðið aukabúnaði 1450 þ góður staðgr afsláttur, upls 771 9777

## Pallhýsi



Pallhýsi fyrir Nissan, Toyota, F-150 og stærri. Ný sending var að koma, 2 hús eftir á eldra verði. Með gistihúsið á pallinum er einnig hægt að hafa hestakerru eða bátinn með. Ferðapallhýsi ehf. s. 663 4646 travellitecampers.com

## Tjaldvagnar



Til sölu mjög vel með farinn Raclet Solena tjaldvagn. Árgerð 2005, næsta skoðun 2013. Mikið af aukahlutum fylgja með. Ásett verð 650þús. Uppl.í síma 694-3313

Camplet Royal LX 216, árg.'03 til sölu. Kassi, yfirbreiðsla og motta fylgja með. Verð: 590 þúsund. Upplýsingar í síma 894- 1933 eða 856-1137

## Vinnuvélar




## Lyftarar



Til sölu Genie 65, bómulyfta, árgerð 2006 Lyfta.is / s. 421 4037

## Bátar



### Skemmtibátur til sölu
Til sölu skemmtibátur Marex 290, Sun Cruiser 2001. Báturinn er í fínu standi með öllum þægindum, gilt haffærisskýrteini og tilbúinn til notkunar. Góður vagn fylgir.Upplýsingar í síma 660-2102



### SPORTBÁTUR - 2.990.000
MV-MARIN 90 HÖ SUZUKI Lengd 5,4m. Árgerð 2007.Verð áður 3.790.000.- Tilboð 2.990.000.- vagn fylgir, er á staðnum. Rnr.124522. Sími:562-1717.




## Viðgerðir



### Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

### AB Bremsur og viðgerðir
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

### AB - PÚST
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020

## Varahlutir




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### VW - Skoda - Varahlutir
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

### Varahlutavaktin Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

### A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Pawel ræsting
Öll almenn þrif, flutningsþrif, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stigagangar. S. 842 6522

### Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.







## Bókhald
Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar
Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

### Málningarþjónusta Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldri borgara og örykja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald
Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

### S.K.E - Verk sf.
Tökum að okkur allt almennt viðhald húsa og nýsmíði. Áratugareynsla. Uppl. s. 861-7749

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.

Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 899-4254.

## Tölvur




## Spádómar

### Spásími 908 7000
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

### 661 3839 - Símaspá
Tímapantanir frá kl. 13.00.

## Rafvirkjun

### Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töflukipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð í raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

### Skraddarinn á Horninu Skúlagötu 26
Opið alla virka daga frá kl. 10-17.

Skraddarinn á Horninu, Skúlagötu 26

Sími 552 5540.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






Til sölu hvítt háglans sófaborð mött glerplata og skúffa kr.40000 uppl.8643974



### Lok á heita potta og hitaveituskeljar.
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.

Sími 777 2000 www.heitirpottar.is






Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893-3503

## Gefins
Vegna fluttninga erlendis fæst búslóð gefins eða gegn vægu gjaldi hlusta á öll tilboð. Reiðhjól, Weber gasgrill, sófasett, garðhúsgögn og flatskjár. Elvar s. 853 8537

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**

**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp
Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



### Kvistir
Sérsmíðaðir kvistir á þök. Uppsetning tekur aðeins einn dag. Frábær fjárfesting. www.kvist.is adalsteinna@ simnet.is S:846 5278.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur
Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni
Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd



### TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

### NUDD OG HEILSA
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yndislegir hreinræktaðir labrador hvolpar tilbúnir á góð heimili. Verð 60 þús, uppl.S:6125637

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska




Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös allan daginn frá 9-16 með fæði. 5-12 ára. Uppl. í síma 894 3588.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði
2 herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb íbúð. V. 75 þ. s. 895 0482

Herbergi til leigu. Herbergi í 3herb íbúð í 101, aðgangur að flestu. s.8219887

## Húsnæði óskast
4 manna fjölskyldu vantar húsnæði til leigu frá og með 1.sept, skammtímaleiga 3-12mán. 3-4 herb 100fm+ helst á svæði 108. s.8213297

## Sumarbústaðir

### Sumarhúsalóðir í Kjósinni
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Geymsluhúsnæði

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði
Óska eftir vönum málurum til starfa. Þarf að vera vanur allri alhliðamálingarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. S. 895 7360/772 6070

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki í fulla vinnu, reynsla af þjónustustörfum er æskileg. Áhugasamir sendið inn ferilskrá á hresso@hresso.is eða komið á staðinn og fyllið út umsókn.

### BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST
Óskum eftir vönum Bifvélavirkja til starfa sem fyrst á Bílaspítalanum í Hafnarfirði,Þarf að vera vandvirkur reglusamur og stundvís Umsókn sendist á bsp@bsp.is Ingvi 565-4332 eða 8973150

## Atvinna óskast
Vantar vinnu á höfuðborgarsvæðinu, er 27 ára með reynslu af lager og útkeyrslustörfum ásamt verktakavinnu. Góð tölvukunnátta. Allt kemur til greina. sími. 8232293 Jóhannes



## Fasteignir


FINNHEIÐARVEGUR
Sumarhús á 10.000 m² skógi vaxinni lóð



EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Sumarbústaðarland á fögrum stað í Þrastarskógi í námunda við Álftavatn.
Landið er einn hektari (10,000 m$^2$) að stærð, skógi vaxið.
Á landinu stendur sumarhús byggt árið 1967.
Rafmagns og vatnsleiðslur eru komnar að lóðarmörkum.

HÚSANAUST FASTEIGNASALA
Sími: 530 7200
Netfang: husanaust@husanaust.is
Ásgeir Erling Gunnarsson löggiltur fasteignasali og leigumiðlari og Skúli Sigurðarson löggiltur fasteignasali.
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf., ÁRMÚLA 8, 108 REYKJAVÍK SÍMI 530 7200 FAX 530 7207

börn EiGa rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Atvinna


Iceland

Starfsfólk óskast í nýja og spennandi matvöruverslun

Öll almenn afgreiðslu- og verslunarstörf.
Umsóknir sendist á *starf@icelandbudir.is* fyrir þriðjudaginn 17. júlí.






365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu
Póstdreifing
Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is






Lesendur okkar eru á öllum aldri





– og við þjónum þeim öllum





FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** í röð, **8.** for, **9.** fálm, **11.** leita að, **12.** ávöxtur, **14.** klingja glösum, **16.** fisk, **17.** eldsneyti, **18.** flan, **20.** kvað, **21.** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** yfirhöfn, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** knæpa, **7.** afturkippur, **10.** hald, **13.** skora, **15.** bor, **16.** geislahjúpur, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** áb, **8.** aur, **9.** pat, **11.** gá, **12.** akarn, **14.** skála, **16.** ál, **17.** kol, **18.** ras, **20.** ku, **21.** agat.

**LÓÐRÉTT: 1.** kápa, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** bakslag, **10.** tak, **13.** rák, **15.** alur, **16.** ára, **19.** sa.


**Helgarblað**
alla laugardaga



**Ætlaði að keppa í kraftlyftingum**

Ásgeir Trausti Einarsson tónlistarmaður hefur slegið í gegn.

**Meðal annars efnis:**

**Fjallkonan átti norska systur**

Fornleifafræðingar rekja slóð formæðranna.



**Allt sem þú þarft**


# Besti pistillinn

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Besta útihátíðin má ekki heita Besta útihátíðin. Ríkisvaldið hefur úrskurðað þar um. Forsvarsmönnum Bestu útihátíðarinnar tókst víst ekki að sýna fram á með óyggjandi hætti að Besta útihátíðin væri sannanlega besta útihátíðin og þess vegna má hún ekki heita Besta útihátíðin.

**ÞVÍ** fylgir óneitanlega talsvert öryggi fyrir okkur borgarana að hið opinbera skuli starfrækja stofnun sem lætur ekki einhverja dúdda komast upp með að kalla útihátíð þá Bestu ef hún er ekki best. Við gætum nefnilega freistast til að halda að hún væri óumdeilanlega best og hugsanlega sótt hana í þeirri trú en hunsað aðrar hátíðir.

**ÚTIHÁTÍÐ** sem ber það ekki í nafni sínu að hún sé góð, svo ekki sé nú talað um best, getur varla verið góð og því sitjum við frekar heima en að þvælast á svoleiðis mót.

**ÚRSKURÐURINN** um Bestu útihátíðina vekur fólk til umhugsunar um aðrar nafngiftir sem kunna af sömu eða svipuðum sökum að orka tvímælis. Spurt hefur verið hvort Besti flokkurinn megi heita Besti flokkurinn. Geta flokksmenn sannað að hann sé bestur?

**ÞETTA** mál byggir á lögum eða reglum um notkun efsta stigs lýsingarorða en auðvitað er hægt að fullyrða allan fjandann með öðrum hætti. Til dæmis stendur ÓB fyrir Ódýrt bensín. Það stenst enga skoðun að fyrirtæki segist selja ódýrt bensín. Bensín er rándýrt. Er Aðalstræti aðal strætið í Reykjavík? Eru allir að hlusta á Bylgjuna? Ríkir óumdeild samstaða innan stjórnmálaaflsins Samstöðu? Nýmjólk er ekki lengi ný og kjötvörur ekki lengi ferskar þótt þær séu frá Ferskum kjötvörum. Stendur Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum (sem alls ekki ber upp á þjóðhátíðardaginn og aðeins brot af þjóðinni sækir) undir nafni?

**KANNSKI** væri rétt að útvíkka starfssvið stofnunarinnar sem lögum samkvæmt ber með þessum hætti hag landsmanna fyrir brjósti og fela henni að fara ofan í saumana á orðum og gjörðum stjórnmálamanna. Láta hana meta hvort þeir standi við loforðin sín og úrskurða um bull og lýðskrum og eftir atvikum leggja á sektir.

**ÞETTA** er náttúrulega tuð enda málið sem slíkt eitt risavaxið tuð. En um leið er það lítið dæmi um aðgerðir stjórnvalda sem miða að því að vernda borgarana fyrir einhverju sem ekkert er og ekki til annars fallið en að gera mannlífið fremur flatt og einsleitt.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÞAÐ ER ÚTSALA ...

... OG ÞAÐ ER **30%** AFSLÁTTUR

## AF OUTLET VERÐUM*



**VERÐDÆMI!**

**Sumarkjóll fyrir dömur**
Almennt verð: kr. 8.990
Outlet verð: kr. 6.995
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 4.896**

**Champion peysa fyrir dömur**
Almennt verð: kr. 4.000
Outlet verð: kr. 1.995
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 1.396**

**Wrangler gallajakki fyrir herra**
Almennt verð: kr. 16.890
Outlet verð: kr. 9.490
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 6.643**

**Lee gallabuxur fyrir dömur**
Almennt verð: kr. 18.900
Outlet verð: kr. 8.990
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 6.293**

**Bolur fyrir dömur**
Almennt verð: kr. 9.990
Outlet verð: kr. 6.995
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 4.896**

**Wrangler gallabuxur fyrir herra**
Almennt verð: kr. 17.490
Outlet verð: kr. 8.990
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 6.293**

**Russell peysa fyrir herra**
Almennt verð: kr. 9.990
Outlet verð: kr. 4.995
■ **Nú með 30% afslætti: kr. 3.496**

*Gildir ekki af DVD-diskum

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

**AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!**

KORPU OUTLET

TAX FREE

**Fylgstu með okkur á Facebook!**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# menning

menning@frettabladid.is



**HÁDEGI Í HÁTEIGSKIRKJU** Nathalía Druzin Halldórsdóttir mezzosópran og Birna Hallgrímsdóttir píanóleikari flytja lög eftir Schumann, Schubert og Sigvalda Kaldalóns í Háteigskirkju í dag, klukkan 12.30. Yfirskriftin er An die Musik - Til tónlistarinnar!

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 13. júlí 2012**

### ➜ Hátíðir

**09.00** Fjölskyldu- og skeljahátíð verður haldin í Hrísey. Dagskrá má finna á heimasíðunni Hrisey.net.

### ➜ Uppákomur

**12.00** Síðasta Föstudagsfiðrildi Listahóps Hins hússins verður með uppákomu í miðbænum. Dagskráin verður við Lækjartorg, í Hjartagarðinum, á Austurstræti, Ingólfstorgi og víðar um bæinn.

### ➜ Tónlist

**21.30** Hljómsveitin Skuggamyndir eða Byzantine Silhouette spilar eldfjöruga tónlist frá Balkanskaganum á Café Haítí í Reykjavík.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og Bíóbandið halda tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Hundur í Óskilum spilar á Græna Hattinum á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Ingvar Valgeirsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Retro Stefson heldur tónleika á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Tónleikar

**21.00** Trio Scandia heldur tónleika í Reykjahlíðarkirkju við Mývatn. Tríóið er skipað tveimur Íslendingum, Hafdísi Vigfúsdóttur og Kristjáni Karli Bragasyni, og einum Norðmanni, Linn Annett Ernø. Aðgangur er ókeypis og tekið við frjálsum framlögum.

Rauði krossinn

**Framhaldsaðalfundur Rauða krossins á Íslandi 13. október 2012**

Framhaldsaðalfundur Rauða krossins á Íslandi verður haldinn á Hótel Reykjavík Natura, laugardaginn 13. október 2012 kl. 09.00.

Rétt til setu á fundinum með tillögu- og atkvæðisrétt eiga fulltrúar deilda Rauða krossins í samræmi við lög félagsins.

Félagar Rauða krossins sem vilja vera viðstaddir framhalds-aðalfund en eru ekki fulltrúar deilda sinna þurfa að skrá sig hjá landsskrifstofu með mánaðar fyrirvara hið minnsta.

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is




Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins

ÚTSALA

38

ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813



**HÖFUNDARNIR** Karl Kristján og Guðlaug eru bæði matreiðslumeistarar. Hann er einnig viðskiptafræðingur og hún kennari. Þau segja margar vinnustundir á bak við bókina en verkefnið hafi verið skemmtilegt og því hafi það gengið vel. MYND/BB/HALLDÓR

# Ekki bara harðfiskurinn, hákarlinn og skatan

**Sólarpönnukökur, hveitikökur og vestfirskur silungur með sykri eru dæmi um svæðisbundnar matarhefðir Vestfirðinga sem hjónin Guðlaug Jónsdóttir og Karl Kristján Ásgeirsson fjalla um í bókinni Boðið vestur.**

Veisluföng úr náttúru Vestfjarða er undirtitill bókarinnar Boðið vestur, sem er nýkomin út á íslensku, ensku og þýsku. Myndir bókarinnar eru algerlega í anda undirtitilsins, margar teknar úti í stórbrotinni náttúru svæðisins af hinum ísfirska Ágústi Atlasyni. Höfundarnir Guðlaug Jónsdóttir og Karl Kristján Ásgeirsson eru bæði matreiðslumeistarar að mennt og í formálanum hvetja þau fólk til að nýta gjafir náttúrunnar á sjálfbæran hátt og viðhalda gömlum matarhefðum. En telja þau vestfirskar matarhefðir mikið frábrugðnar hefðum annarra Íslendinga?

„Já, þegar við förum að skoða málin ofan í kjölinn var ýmislegt sem við gátum tengt Vestfjörðum sérstaklega, ekki bara harðfiskur, hákarl og skata sem við eigum vissulega að halda í. Þar má nefna sólarpönnukökurnar sem alltaf eru bakaðar þegar sólin birtist yfir fjöllunum eftir skammdegið. Vestfirska fiskistappan er líka nokkuð sem börnin ættu að alast upp við," segir Guðlaug. Hún er sjálf í lykilaðstöðu til að láta þá ósk rætast því hún er heimilisfræðikennari við grunnskólann á Ísafirði. Karl er rekstrarstjóri hjá 3X Technology, öflugu fyrirtæki á staðnum. Hann er úr Hnífsdal og bókin er tileinkuð föður hans sem fórst með Svaninum 22. desember 1966.

Guðlaug er frá Melum í Hrútafirði sem hún tekur fram að sé hluti af Vestfjarðakjálkanum landfræðilega þó nú tilheyri þeir Húnaþingi vestra. Skyldi hún seilast til Hrútafjarðar í nýju bókinni? „Já, örlítið, þegar fjallað er um rjúpuna því pabbi veiddi mikið af rjúpu og seldi en hún var aldrei á borðum heima í mínum uppvexti."

Spurð hvort þau hjón hafi lagst í miklar rannsóknir í aðdraganda útgáfunnar svarar Guðlaug: „Ekki beint rannsóknir, þetta flaut meira áfram. Við gerðum ákveðna grind áður en við byrjuðum og teygðum okkur út frá henni. Sáum fljótt að við næðum ekki að gera bókina að vísindariti og fara markvisst um fjórðunginn enda bæði í fullri vinnu. Það eru margar stundir að baki svona bók en af því verkefnið var svo skemmtilegt þá gekk það vel," segir Guðlaug og ber mikið lof á myndatökumanninn Ágúst Atlason sem þau fengu til liðs við sig. „Ágúst er alger snillingur, hefur ástríðu fyrir myndatökum og mikla ást á þessu svæði, enda á hann afar stóran þátt í bókinni. Fyrir utan að mynda matinn okkar úti í náttúrunni leyfði hann okkur að velja úr safni sínu þær myndir sem okkur þótti henta."

Sjálf er Guðlaug aðalhöfundur textans í bókinni sem líkja má við góðgæti. Hún segir Breiðavíkurkaflann hafa tekið mest á. „Ég grét yfir þeim kafla og var lengi með hann," segir hún. „Við komum tvö í Breiðavík um sólsetur í ágústmánuði og vorum eins og töfrum slegin, því fegurðin var ólýsanleg en átakanleg saga staðarins vildi þrengja sér inn í vitundina. Þetta hafði djúp áhrif á mig."

gun@frettabladid.is



**KRÆKLINGUR VIÐ YSTA HAF** Myndir bókarinnar er margar teknar úti í stórbrotinni náttúru Vestfjarða líkt og þessi sem tekin er í Ósvör í Bolungarvík.

### VIÐ KOMUM AFTUR - EF GUÐ LOFAR

„Á þessum fáförnu slóðum mætast því skarpar andstæður – stórkostleg náttúran og þessi átakanlega saga. Sagan er liðin, við drógum af henni dýrkeyptan lærdóm. En upplifun fólks við að sækja heim þennan undurfagra stað gleymist ekki. Við komum aftur ef Guð lofar."

*Lokaorð úr Breiðavíkurkafla bókarinnar.*




bækur ★★★★☆

**Ást í meinum**

Rúnar Helgi Vignisson

**Uppheimar**

## Sú ást er heitust…

Smásagnasafnið Ást í meinum eftir Rúnar Helga Vignisson inniheldur fimmtán smásögur sem allar fjalla um ástina í einhverri mynd og fylgifiska hennar bæði ljúfa og sára. Eins og nafn bókarinnar ber með sér eru sárari hliðar ástarinnar fyrirferðarmeiri í sögunum, svik, ofbeldi, sambandsleysi og kúgun, en inn á milli eru þó hugljúfari sögur eins og til dæmis sagan um ást tveggja kvenna sem kviknar í sturtuklefa sundlaugar.

Annars er skilgreining Rúnars Helga á ástinni ansi víð, einskorðast ekki við kynferðislega ást eins og algengast er heldur eru hér sögur af ást tengdaföður til tengdasonar, ungs manns til gamallar konu sem hann sinnir heimilishjálp hjá og ást barns á foreldri og fleiri afbrigði ástarinnar skjóta hér upp kollinum. Sögurnar tengjast ekki innbyrðis, eiga það eitt sameiginlegt að fjalla um þennan drifkraft í mannlegum samskiptum frá ólíkum sjónarhornum.

Rúnar Helgi hefur sýnt það áður að hann hefur hið erfiða form smásögunnar fullkomlega á valdi sínu og hnykkir enn á því hér. Sögurnar eru hver annarri betur smíðaðar, allt er tálgað og fágað þar til það glansar á yfirborðinu en um leið komast þungir undirtónar vel til skila og þessar stuttu myndir segja mun lengri og dýpri sögur en orðin á blaðinu gefa til kynna. Óhugnaðurinn kraumar undir yfirborðinu og lesanda rennur á köflum kalt vatn milli skinns og hörunds við að skyggnast inn í sálarlíf þess „venjulega" fólks sem sögurnar fjalla um. Maður er svo sannarlega manni úlfur í þessum sögum en um leið er gefið skýrt til kynna að þótt ástin geti vissulega valdið böli er hún þó þrátt fyrir allt það sem gerir lífið einhvers virði.

Stíll sagnanna er mismunandi en alls staðar er fágunin alls ráðandi. Hér er ekki bruðlað með orðin og alveg ljóst að höfundur gerir sér skýra grein fyrir því að orð eru dýr, eins og Sigfús Daðason benti svo eftirminnilega á í frægu ljóði. Persónusköpun er með eindæmum góð, hver einasta persóna öðlast líf á síðunum, jafnvel þótt henni bregði ekki fyrir nema í mýflugumynd. Þær eru misgeðfelldar en engin þeirra lætur lesandann ósnortinn.

Í heild er sagnasveigurinn Ást í meinum meðal best heppnuðu smásagnasafna sem hér hafa komið út lengi og hrein nautn að lesa svo vel skrifaðar, vel byggðar og vel hugsaðar sögur um jafn vandmeðfarið efni og ástina.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Eitt best heppnaða smásagnasafn sem komið hefur út lengi. Vel byggðar, vel skrifaðar og vel hugsaðar sögur sem snerta lesandann djúpt.

# Sýnir einstök augnablik úr tískumyndatökum

„Ég byrjaði ekki að taka myndir fyrr en ég var tvítug og vissi þá ekki hvað ljósop var. Pabbi keypti myndavél og ég byrjaði að fikta," segir Aníta Eldjárn Kristjánsdóttir sem opnar sína fyrstu stóru ljósmyndasýningu í Artíma Galleríi í dag.

Sýningin ber yfirskriftina Á milli mynda og prýða veggi gallerísins myndir sem fanga einstök augnablik úr nýlegum tískumyndatökum hennar.

Aníta lauk námi í ljósmyndun við skólann Norsk Fotofagskole í Noregi fyrir ári og hefur vakið athygli sem tísku- og mannlífsljósmyndari síðan. „Ég hef tekið myndir meðal annars fyrir Nude Magazine, Þórunni Antoníu, plötuumslag hljómsveitarinnar Kiriyama Family og hönnuði. Einnig hef ég tekið lista- og tískutengdar myndir fyrir DV, var ljósmyndari fyrir Iceland Airwaveshátíðina í ár og Nýtt líf á Reykjavík Fashion Festival," segir hún þakklát fyrir þann áhuga sem fólk hefur sýnt störfum hennar.

„Þetta hefur gengið vonum framar," segir hún og bætir við að hún hafi ákveðið að taka upp sið kennara síns og auglýsa sig ekki. „Ég hef ekki sóst eftir verkefnum heldur hefur boltinn rúllað og fólk haft samband við mig." **- hþt**



**Á MILLI MYNDA** Aníta Eldjárn hefur áður haldið sýningu á Akureyri með tveimur myndum en opnar í dag fyrstu stóru sýninguna sína með einstökum augnablikum úr tískumyndatökum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SENSAI

BRONZING GEL

Sensai Bronzing gelið frá Kanebo er framleitt úr 70% vatni og hinu einstaka Koishimaru silki. Það sveipar húðina frískandi raka og gegnsæjum lit sem heldur húðinni rakri og geislandi fallegri.

„Þegar ég nota Sensai Bronzing gelið frá Kanebo fær húðin jafna og náttúrulega áferð og gerir mig frísklegri. Mér finnst frábært að sólarvörnin sé hluti af vörunni. Gelið hentar mér bæði á sumrin þegar ég hef tekið smá lit auk þess sem það er fullkomið til að fela gráu slikjuna á dimmum vetrarmorgnum."

***Jónína Harpa***

„Mér finnst Bronzing gelið sérstaklega gott þegar ég er búin að vera úti í sólinni og nota það mikið á sumrin. Falleg létt áferð og fín vörn fyrir húðina."

***Eydís Eyjólfsdóttir***

„Ég notast mikið við Kanebo snyrtivörur í daglegu lífi en einna mest nota ég Sensai Bronzing gelið sem gerir kraftaverk á hverjum degi. Ég er með afar ljósa húð og á það til að vera æðaber og dökk í kringum augun en með smá hjálp frá Kanebo hyljara og Sensai Bronzing gelinu fæ ég frískt, náttúrulegt og heilbrigt útlit, og svo skemmir ekki fyrir að Sensai Bronzing gelið inniheldur SPF sólarvörn sem er bráðnauðsynlegt til að halda húðinni heilbrigðri. Ég hreinlega elska Sensai Bronzing gelið frá Kanebo."

***Arna Björg Arnardóttir***

„Kannist þið við óléttugló? Þetta sem allir tala um en svo verður maður óléttur sjálfur og er bara ennþá fölur og myglaður… Þangað til maður finnur Sensai Bronzing gelið. Mín óléttugló, var öll frá Kanebo."

***Elísabet Ólafsdóttir***




Kanebo
INTERNATIONAL








**4 MILLJÓNIR** króna kostar árið í hinum nýstofnaða Condé Nast-hönnunarskóla. Útgáfufyrirtækið Condé Nast, sem gefur meðal annars út Vogue, kom skólanum á laggirnar. Það kostar sitt að nema hjá Önnu Wintour.



**EIN- EÐA FJÖLKVÆNI** Lesandi spyr hvort tími „eignarréttar“ á mökum sé liðinn.

# EINN MAKI TIL ÆVILOKA?

**?** Ég hef verið að velta fyrir mér hvort ekki sé verið að hefta vígð sambönd og samskipti hjóna strax á brúðkaupsdaginn. Þau eru látin sverja hvort öðru trúnað um aldur og ævi. Allir vita að á lífsleiðinni sem fram undan er munu þau hrasa á félagslega svellinu með mismiklum gauragangi. Mér finnst að við eigum að sveigja af þessari óheillabraut og líta lífið með bjartari augum og meiri skilning. Ég þekki til hjóna sem hafa bæði hrasað og lifa síðan saman í angist og sektartilfinningu. Það má horfa á „hrösun“ sem lífsreynslu sem getur komið sem nýtt blóð inn í samband sem kannski var orðið dofið. Er nauðsynlegt í sambandi að fólk ríghaldi í „eignarréttinn“ hvort á öðru? Er ekki kominn tími til að deila, frekar en drottna? Ég bara spyr.

**SVAR** Kjarni spurningar þinnar er hvort það sé raunhæft að við bindum okkur kynferðislega við einn maka til æviloka. Það eru ýmsar kenningar um það hvort það henti okkur eða ekki og fræðimenn skiptast oft í fylkingar, með eða á móti. Þeir sem telja okkur vera fjölkvænisverur benda meðal annars á samsetningu sambanda í samfélögum frumbyggja, tíðni framhjáhalds og skilnaða í vestrænum samfélögum og dvínandi kynlöngun og vaxandi kynferðisleg vandkvæði í langtímasamböndum. Þeir sem telja okkur vera einkvænisverur rökstyðja það út frá kenningum þróunarfræðinnar; karlar vilja dreifa sæði sem víðast og konur vantar maka sem sér um þær og börnin.

Hvort sem er rétt í þessu máli þá finnst mér mikilvægt að fólk sé sammála um hvað henti þeim, hvort sem það er samband með einum maka og kynlíf með nokkrum, eða eingöngu hvort með öðru. Þetta er ekki eitthvað sem annar makinn ákveður að henti sambandinu því ef þetta er einhliða ákvörðun þá er þetta brot á sáttmála sambandsins. Hér gildir jafnræði og gagnkvæmur skilningur.

Mig langar að benda þér á tvær bækur; Sex at Dawn og Ethical Slut. Sú fyrri fjallar um kynlíf út frá þróunarfræðilegu sjónarhorni og telja höfundar að einkvæni sé okkur ekki eðlislægt. Seinni bókin veitir svo leiðbeinandi siðareglur um hvernig megi lifa í sambandi með nokkrum einstaklingum.

Þrátt fyrir að lofast hvort öðru á brúðkaupsdaginn þá gera hjón sínar eigin reglur og þær geta verið alls konar. Það er mikilvægt að hægt sé að ræða saman í hreinskilni og einlægni um þessi mál, sem önnur, og að báðir aðilar séu sáttir. Og það er algjör skylda að allir noti smokkinn!

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Mótmæltu Teen Vogue

**TÍSKA** Tvær stúlkur efndu til mótmæla við skrifstofur Teen Vogue í vikunni og vildu með því hvetja tímaritið til þess að breyta ekki útliti fyrirsæta í blaðinu með aðstoð tölvutækni.

Í apríl safnaði hin fjórtán ára Julia Bluhm 85.000 undirskriftum þar sem þess var krafist af tímaritinu Seventeen að hætt væri að nota tölvuforrit til að breyta útliti fyrirsæta. Tímaritið sendi út tilkynningu þar sem það lofaði að „breyta aldrei líkama eða andlitsdráttum stúlkna“. Stúlkurnar krefjast nú hins sama af Teen Vogue.




**TEEN VOGUE** Þess er krafist af tímaritinu að það noti ekki tölvutækni til að breyta útliti fyrirsæta.



**KOSS FYRIR HEILSUNA** Kossar geta verið góðir fyrir heilsu fólks.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Koss fyrir heilsuna

**HEILSA** Kossar eru ekki aðeins góðir fyrir sambandið við makann heldur geta þeir einnig verið góðir fyrir heilsu fólks ef marka má rannsóknir á þessu saklausa athæfi.

Samkvæmt rannsóknum eykur koss munnvatnsframleiðslu manna og á munnvatn að vera góð bakteríuvörn fyrir tennur. Góður koss brennir einnig hitaeiningum, allt að tveimur upp í sex hitaeiningar á mínútu, og liðkar einnig andlitsvöðva sem að öllu jöfnu eru lítið í notkun og kemur þannig í veg fyrir hrukkumyndum.

Séu þetta ekki nógu góðar ástæður til að smella einum kossi á ástina sína þá framkallar koss hormónið oxytósín sem minnkar streitu hjá fólki og hjálpar því að slappa af.

Nikon

*At the heart of the image*

# I AM YOUR SUMMER DEAL

## D3200



**Verð frá 139.995.-**




Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:**
Kælitaska fyrir sex gosdósir, svifdiskur, strandbolti, spilastokkur að virði 5.995.-

## COOLPIX

**Verð 24.995.-**






**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**Sumarpakki frá Nikon í kaupbæti:** Kælihulstur fyrir gosdós, farsímavasi fyrir ströndina, spilastokkur að virði 2.495.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningarnámskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

Nikon SCHOOL INTRO

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 3D ENSK. ÓTEXT | KL. 8 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| TED | KL. 3.30 -5.45 -8 -10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 10.10 | 10 |
| WHAT TO EXPECT | KL. 8 | L |
| PROMETHEUS 3D | KL. 10.25 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| TED | KL. 8 – 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 10 |
| STARBUCK | KL. 8 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| WHAT TO EXPECT | KL 10.25 | L |
| MIB 2D | KL. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 8 - 10 | 12 |
| SPIDERMAN 3D | KL. 8 - 10.30 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 6 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| TED | 5.50, 8, 10.15 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 |
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 10.20 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE VIP | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 3D | L |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CHERNOBYL DIARIES | kl. 10:30 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | kl. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 1:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| DREAM HOUSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | kl. 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TED | kl. 5:20 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| AMAZING SPIDER-MAN | kl. 8 - 10:40 | 3D | 10 |
| AMAZING SPIDER-MAN | kl. 5:20 - 10 | 2D | 10 |
| CHERNOBYL DIARIES | kl. 8 | 2D | 16 |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | kl. 3 - 6 | 3D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | kl. 4 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | kl. 3 - 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| LOL | kl. 8 | 2D | 12 |
| ROCK OF AGES | kl. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MAGIC MIKE | kl. 8 | 2D | 12 |
| AMAZING SPIDERMAN | kl. 10:20 | 3D | 10 |
| ICE AGE 4 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 6 | 2D | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT


# Ekki krúttlegur lengur

Bíó ★★★☆☆

**Ted**

Leikstjórn: Seth MacFarlane

**Leikarar:** Mark Wahlberg, Mila Kunis, Seth MacFarlane, Giovanni Ribisi, Joel McHale, Patrick Warburton, Jessica Barth, Matt Walsh



**TALANDI DÓNABANGSI** Enginn er betur til þess fallinn að gera kvikmynd um talandi dónabangsa en Seth MacFarlane, skapari Family Guy, að mati gagnrýnanda.

Átta ára að aldri óskaði John Bennett þess að bangsinn hans lifnaði við. Óskin rættist og krúttbangsinn Ted vann hug og hjarta heimsbyggðarinnar. En síðan eru liðin tæp þrjátíu ár og í dag eru félagarnir lítið krúttlegir. Þeir sitja bólufreðnir öllum stundum fyrir framan sjónvarpið, Ted er orðinn mikill strigakjaftur og kærasta Johns er orðin þreytt á bangsanum.

Fyrst það þurfti að gera kvikmynd um talandi dónabangsa er ég feginn að það var Seth MacFarlane sem gerði það. Seth þessi er höfundur hinna umdeildu en oft á tíðum sprenghlægilegu Family Guy-þátta, og þegar kemur að gríni er honum ekkert heilagt. Að vísu hefur það heppnast misvel þegar teiknimyndaleikstjórar skipta úr skrípó yfir í alvöru leikara en Mike Judge (Beavis and Butt-head, Office Space) er sönnun þess að þetta er hægt.

Mestöllu fjörinu er haldið uppi af bangsanum og það er MacFarlane sjálfur sem talar fyrir hann. Brandararnir eru ríkulega skammtaðir og fæsta þeirra þyrði ég að hafa eftir. Wahlberg er fínn og notast að stórum hluta við aðferð Leslie heitins Nielsen, að vera grafalvarlegur við hlægilegar aðstæður. Það er þó afar lítið fútt í bangsalausu atriðunum en þau eru til allrar hamingju ekki mörg. Vísanir í aðrar kvikmyndir og poppkúltúr almennt eru á hverju strái, margar hverjar þrælfyndnar.

Á köflum reynir Ted þó of mikið. Það sama er stundum uppi á teningnum í Family Guy. MacFarlane er snjall en mig grunar að hann sé umvafinn já-mönnum og öllu sé hleypt í gegn sem honum dettur í hug. Allavega eru hér tíu mínútur af fitu sem hefði orðið myndinni til góðs að missa. Brelludeildin fær hins vegar hæstu einkunn.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Sprenghlægilegur bangsi í þokkalegri mynd. En skiljið börnin eftir heima.








**HAMINGJUSÖM** Pink segir móðurhlutverkið algjöra sælu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Pink saknar viskísins

Söngkonan Pink á dótturina Willow Sage með mótorkrosskappanum Carey Hart og segist hún ánægð með lífið eins og það er núna. Dóttirin fæddist í júní í fyrra og síðan þá hefur söngkonan helgað sig móðurhlutverkinu.

„Áður einkenndist líf mitt af viskíi, tárum og sígarettum. Núna er það fullt af fallegum barnstárum, engum sígarettum og kúkableium. Algjör sæla. Ég sakna viskísins, en ekki tóbaksins,“ sagði söngkonan.

Ný plata með söngkonunni er væntanleg í september og ber sú titilinn The Truth About Love.





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FÖSTUDAGUR: RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ *COOL CUTS: 101 REYKJAVIK* 18:00 ■ *COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES* 20:00 ■ *COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 25. JÚLÍ: RAMPART með Woody Harrelson!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


sævar karl.
reykjavík
ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI
40%-50% AFSLÁTTUR
ARMANI
D&G
STENSTRÖMS
BALDESSARINI
SCHUMACHER
T BY ALEXANDER WANG
CAMBIO
ROCCO P
PEDRO GARCIA
PAOLO DA PONTE
HVERFISGÖTU 6 • S. 551 3470

# sport

sport@frettabladid.is



**SANDRA MARÍA JESSEN** úr Þór/KA var í gær valin besti leikmaður Pepsi-deildar kvenna í umferðum 1-9. Þjálfari hennar, Jóhann Kristinn Gunnarsson, var valinn besti þjálfarinn en Þór/KA er á toppi deildarinnar. Þór/KA átti þess utan fjóra leikmenn í úrvalsliði umferðarinnar, Stjarnan átti þrjá leikmenn rétt eins og Breiðablik. ÍBV var með einn.

## ÚRSLIT

### Evrópudeild UEFA:

**Eschen/Mauren-FH** **0-1**
0-1 Atli Guðnason (12.).
FH fór áfram, 1-3, samanlagt.

**Þór-Bohemian** **5-1**
0-1 David Scully (23.), 1-1 Sigurður Marinó Kristjánsson (36.), 2-1 Orri Freyr Hjaltalín (39.), 3-1 Kevin Feely, sjm (50.), 4-1 Sigurður Marínó Kristjánsson (73.), 5-1 Sigurður Marinó Kristjánsson (90.+3).
Þór fór áfram, 5-1, samanlagt.

**ÍBV-St. Patrick's** **2-1**
1-0 Matt Garner (83.), 2-0 Eyþór Helgi Birgisson (98.), 2-1 Stephen O'Flynn (99.)
St. Patricks fer áfram á marki skoruðu á útivelli.

**1-1**

Nettóvöllur, áhorf.: 1.430 Guðmundur Ársæll (7)

**0-1 Emil Atlason (56.), 1-1 Guðmundur Steinarsson (63.).**

**Skot (á mark):** 11-9 (6-6)
**Varin skot:** Ómar 5 - Hannes Þór 5.

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Ómar Jóhannsson 6 - Grétar Atli Grétarsson 7 , Gregor Mohar 7, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Jóhann Ragnar Benediktsson 6 - Einar Orri Einarsson 7, Denis Selimovic 7, Sigurbergur Elísson 5 (73. Hilmar Geir Eiðsson ), Arnór Ingvi Traustason 7 (81. Bojan Stefán Ljubicic -), Jóhann Birnir Hauksson 5(84. Daníel Gylfason -) - Guðmundur Steinarsson 7

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 6 - Magnús Már Lúðvíksson 6 (68. Haukur Heiðar Haukson 5), ***Aron Bjarki Jósepsson 7**, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 6 - Bjarni Guðjónsson 6, Viktor Bjarki Arnarsson 5 (83. Atli Sigurjónsson), Emil Atlason 6 (57. Björn Jónsson 4), Baldur Sigurðsson 5, Óskar Örn Hauksson 7 - Þorsteinn Már Ragnarsson 7.

# EVRÓPUVEISLA Í ÞORPINU

**Þór frá Akureyri vann ótrúlegan sigur í Evrópudeildinni í gær. Þá niðurlægði 1. deildarlið Þórs írska úrvalsdeildarliðið Bohemians, 5-1. FH komst einnig áfram með sigri í Liechtenstein en ÍBV féll naumlega úr leik í Eyjum.**

**FÓTBOLTI** Gærkvöldið var einstaklega gott fyrir íslenskan fótbolta í Evrópu og ekki á hverjum degi sem gengur þetta vel í Evrópuboltanum.

Þórsarar unnu stærsta afrek kvöldsins er þeir skelltu írska úrvalsdeildarliðinu Bohemians, 5-1. Einn stærsti sigur íslensks félagsliðs frá upphafi í Evrópukeppni. Sigurður Marinó Kristjánsson átti stórleik og skoraði þrennu og lagði upp hin mörkin.

„Ég hef aldrei skorað þrennu áður en þetta tókst í dag. Menn eiga það til að týnast á kantinum en ég fékk að sjá nóg af boltanum í dag," sagði afar brosmildur Sigurður Marinó eftir leikinn en þjálfarinn hans, Páll Viðar Gíslason, var kátur með strákinn.

„Sigurður steig upp í dag og hann átti það sannarlega skilið. Ég vil einnig fá að nota tækifærið og óska öllum Þórsurum til hamingju með þennan sögulega dag."

Eyjamenn þurftu að vinna upp eins marks forskot St. Patricks og það gekk erfiðlega framan af. Sjö mínútum fyrir leikslok skoraði Matt Garner aftur á móti glæsilegt mark og tryggði Eyjamönnum framlengingu.

Eyþór Helgi kom ÍBV yfir og þeir í góðum málum en fögnuðu of mikið því þeir fengu mark beint í andlitið sem var dýrt enda kom það gestunum áfram í keppninni.

FH-ingar réðu algjörlega ferðinni í Liechtenstein en náðu aðeins að skora einu sinni. Það mark dugði þó til þess að koma FH áfram í næstu umferð.

Atli Guðnason skoraði mark FH í leiknum. **- hbg, bib**



**ÞRENNA** Sigurður Marinó Kristjánsson fagnar hér einu þriggja marka sinna í gær. MYND/AUÐUNN



**GUÐMUNDUR ÁGÚST** Lék vel fyrir íslenska liðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Undankeppni EM í golfi:

## Ísland í þriðja til fjórða sæti

**GOLF** Undankeppni EM, European Challenge Trophy, hófst á Hvaleyrarvelli í gær. Þar keppa átta þjóðir um þrjú laus sæti á sjálfu Evrópumótinu.

Íslenska liðið er í þriðja til fjórða sæti eftir fyrsta daginn á sex höggum yfir pari, sama skori og Portúgalar.

England er í fyrsta sæti á þremur höggum undir pari. Holland er í öðru sæti á parinu.

Guðmundur Á. Kristjánsson og Haraldur Franklín Magnús léku best í íslenska liðinu í dag eða á pari. Guðjón Henning Hilmarsson lék á 72 höggum, eða einu yfir pari. Kristján Þór Einarsson var á 73 höggum, Ólafur B. Loftsson á 74 og Andri Þór Björnsson endaði á 77 höggum. **- hbg**




Vnr. 88098157/8
1.990 kr.
Útilegustóll, grænn eða blár.
1962-2012
AFMÆLISVERÐ
1.490 kr.
Vnr. 88015952
Þriggja manna tjald.
6.990
1962-2012
AFMÆLISVERÐ
5.990 kr.
Vnr. 87977142
Kælibox, 25 l, 12V.
8.690 kr.
Vnr. 50632105
MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur 30x37cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6kW.
9.990 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
FERÐAVÖRUR
Á LÆGRA VERÐI
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Vnr. 88015950
Tveggja manna tjald.
2.990 kr.
Vnr. 88015959
Fjögurra manna tjald.
12.990 kr.
Vnr. 88015956
Fimm manna braggatjald.
17.990 kr.
Vnr. 87741715
EZETIL
kælibox, 30 l.
3.990 kr.
Vnr. 87977170
Kælibox með rafmagni, 12V, 40 l.
19.900 kr.
Vnr. 88015715
Vatnsbrúsi, 15 l.
690 kr.
Vnr. 41622135
Sólstóll úr áli, fellanlegur, ljósgrænn.
2.490 kr.
Vnr. 41120270
Kælitaska.
2.690 kr.
ALLT TIL AÐ NJÓTA SUMARBLÍÐUNNAR
Vnr. 90330500
Framlengingar fyrir baksýnisspegla, 2 stk.
3.990 kr.
Vnr. 58088525
Geymslubox, 22 l (þolir 30 kg) eða 64 l (þolir 60 kg). +110°, -20°.
Verð frá:
1.190 kr.
SKYNDI HJÁLP
112
Vnr. 50006024
NINGBO sjúkrataska.
1.490 kr.
ÞÚ FÆRÐ AGA GAS Í BYKO
AGA
Vnr. 65105754
Hitablásari með hitastilli, 1000-2000W. Upplagður í tjaldvagninn.
1.890 kr.
Vnr. 50632115
COMBO gasgrill með tveimur brennurum, samanbrjótanlegt með 2 hjólum og hliðarborðum. Einfalt í uppsetningu. Grillflötur 42x35cm. Neistakveikjari, þrýstijafnari og hitadreifiplata.
18.990 kr.
Vnr. 50652234
PORTA CHEF
PRO ferðagrill.
34.990 kr.
Vnr. 41118175
Krikketsett fyrir 4 leikmenn.
3.990 kr.
Vnr. 41118193
Sóltjald, 140x400 cm.
2.990 kr.
AFMÆLISVERÐ
1.990 kr.
Vnr. 87977157
Ferðasalerni, 20 l.
12.990 kr.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
Tilboðin gilda 13-15 júlí 2012 eða meðan birgðir endast.

> **Stöð 2 kl. 20.05**
**Evrópski draumurinn**

***Evrópski draumurinn hefur farið vel af stað og fjörið heldur áfram í kvöld. Sveppi og Pétur Jóhann fá mjög áhugaverða áskorun fyrir utan gamalt munkaklaustur í innsveitum Suður-Frakklands en á sama tíma eru Auddi og Steindi að glíma við ofsahræðslu í háloftunum yfir Austur-Evrópu.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR HLÆR

# Stelpur eru bestar

Sjónvarpsþátturinn Girls er í mestum metum hjá mér um þessar mundir. Það er fáránlega hressandi að fylgjast með vinkonunum Hönnuh, Marnie, Shoshönnu og Jessie í New York lifa lífinu með tilheyrandi angist og rugli sem fylgir gjarnan tilveru fólks á þrítugsaldri (ókei, angist og rugl fylgir líka þeim sem komnir eru yfir þrítugt – en það er bara allt önnur og öðruvísi saga). Þættirnir eru skrifaðir af Lenu Dunham sem einnig leikur Hönnuh og hún kann að segja sögur. Ekki síst nær hún meistaralegum tökum á vandræðalegum augnablikum. Hannah að falbjóða sig yfirmanni sínum og



nánast í sömu andrá að hóta honum lögsókn fyrir áreitni var svo vandræðalega fyndið atriði að það var dásamlegt. Þetta atriði mátti sjá í þætti vikunnar á Stöð 2 og þar var líka til lykta leitt samband Marnie og Adams. Sagan af þeim sambandslitum var líka snilldarlega sögð. Hvernig hún náði honum aftur eftir að hann sagði henni upp en áttaði sig svo á um leið að hún vildi hann ekki. Hljómar ekki flókið, en miðað við mikið framboð af þunnum vinaþáttum, þá er greinilega flókið að gera þá vel. Það er greinilega mikið spunnið í Dunham og aðra aðstandendur þáttanna: Áfram stelpur!

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Af minnisstæðu fólki **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Þar sem ennþá Öxará rennur **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir okkar tíma **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Eyjar fyrir Austurlandi **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist fólksins **20.00** Leynifélagið **20.30** Andlit sjúkdóms **21.30** Kvöldsagan: Kaflar úr Fjallkirkjunni **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.20 Það er svo geggjað** (e) Dagskrá í minningu Flosa Ólafssonar.

**17.20 Leó**

**17.23 Snillingarnir**

**17.50 Galdrakrakkar**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Hið sæta sumarlíf** (6:6) (Det søde sommerliv) Dönsk matreiðsluþáttaröð.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Popppunktur** (2:8) (Skátar - Tölvunördar) Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningakeppni starfsgreina.

**20.45 101 dalmatíuhundur** (101 Dalmatians) Ævintýramynd frá 1996. Kvenvargur rænir 99 hvolpum og ætlar að sauma sér pels úr feldum. Meðal leikenda eru Glenn Close, Jeff Daniels, Joely Richardson, Joan Plowright og Hugh Laurie.

**22.30 Lewis – Rangsnúið réttlæti** (2:4) (Lewis V: Wild Justice) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál. Meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox, Clare Holman og Rebecca Front. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.05 Heimsendir** (End of Days) Undir lok síðustu aldar kemur sjálfur Kölski til New York að leita sér að brúði og það kemur í hlut gamallar löggu að reyna að stöðva hann. Meðal leikenda eru Arnold Schwarzenegger, Gabriel Byrne og Robin Tunney. Bandarísk bíómynd frá 1999. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The Painted Veil**

**10.05 Prince and Me II**

**12.00 Spy Next Door**

**14.00 The Painted Veil**

**16.05 Prince and Me II**

**18.00 Spy Next Door**

**20.00 I Could Never Be Your Woman**

**22.00 The A Team**

**00.00 Paris**

**02.05 Rendition**

**04.05 The A Team**

**06.00 Cirque du Freak: The Vampire's Assistant**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.45 Malcolm in the Middle** (10:16)

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (166:175)

**10.15 Sjálfstætt fólk** (9:30)

**10.55 The Glades** (10:13)

**11.45 Cougar Town** (4:22)

**12.10 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (6:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian** Ben Stiller mætir aftur sem öryggisvörðurinn Larry Daley.

**14.40 The Cleveland Show** (10:21)

**15.05 Tricky TV** (5:23)

**15.30 Sorry I've Got No Head**

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Simpson-fjölskyldan** (1:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 American Dad** (5:19)

**19.40 Simpson-fjölskyldan** (17:22)

**20.05 Evrópski draumurinn** (3:6)

**20.40 So You Think You Can Dance** (6:15)

**22.05 I, Robot** Mynd sem gerist árið 2035 þegar margir nota vélmenni sér til aðstoðar. Will Smith leikur lögreglumann sem hefur andúð á vélmennunum og fær til rannsóknar morð sem er nokk víst að hafi verið framið af einu slíku og er hugsanlega vísirinn að meiriháttar uppreisn vélanna.

**00.00 Thirteen** Margverðlaunuð og óþægilega raunsönn mynd um líf unglingsstúlkna sem villst hafa af leið. Söguna skrifar þrettán ára stúlka og hún fjallar um þrettán ára áhrifagjarna stúlku. Aðalhlutverk leika Evan Rachel Wood og Holly Hunter.

**01.40 Children of the Corn** Endurgerð á þessarri hrollvekju úr smiðju Stephen King.

**03.05 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**

**04.50 The Cleveland Show** (10:21)

**05.15 Simpson-fjölskyldan** (17:22)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-deild kk: Keflavík - KR**

**17.30 N1-mótið** Sýnt frá N1 mótinu á Akureyri þar sem knattspyrnustjörnur framtíðarinnar eru í aðalhlutverki. Það eru strákar í 5. flokki sem keppa á N1-mótinu. Umsjónarmaður þáttarins er Guðjón Guðmundsson.

**18.20 Pepsi-deild kvk: FH - Breiðablik**

**20.10 Arnold Classic** Sýnt frá mótinu, þar sem allt flottasta fólk veraldar mætir til leiks.

**20.50 Sergio Garcia á heimaslóðum** Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir spænska kylfinginn Sergio Garcia.

**21.35 UFC 118** Útsending frá UFC 118 en að þessu sinni kepptu nokkrir af bestu bardagamönnum heims í þessari.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Chelsea - Liverpool**

**20.00 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá hinum ýmsu hliðum.

**21.30 Fulham - Man. Utd.**

**23.15 Maradona 2** Besti knattspyrnumaður fyrr og síðar, Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.

**23.40 PL Classic Matches: Chelsea - Man Utd, 1999**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (157:175)

**20.10 Friends** (2:24)

**20.35 Modern Family** (2:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Masterchef USA** (8:20)

**22.30 The Closer** (10:21)

**23.15 Fringe** (4:22)

**00.00 Rescue Me** (21:22)

**00.45 Evrópski draumurinn** (3:6)

**01.20 Friends** (2:24)

**01.45 Modern Family** (2:24)

**02.10 The Doctors** (157:175)

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Hæfileikakeppni Íslands** (4:6) (e)

**17.15 Rachael Ray**

**18.00 90210** (24:24) (e) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills.

**18.50 America's Funniest Home Videos** (15:48) (e) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.15 Will & Grace** (23:27) (e)

**19.40 The Jonathan Ross Show** (4:21) (e) Kjaftfori séntilmaðurinn Jonathan Ross er ókrýndur konungur spjallþáttanna í Bretlandi. Í hverri viku fær hann til sín góða gesti. Helen Mirren, Harry Hill og Louie Spence eru gestir Jonathans að þessu sinni.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.

**21.15 The Biggest Loser** (10:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið.

**22.45 HA?** (20:27) (e) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Gestir kvöldsins að þessu sinni eru þau Gísli Marteinn Baldursson, Rúnar Freyr Gíslason og Logi Bergmann Eiðsson.

**23.35 Prime Suspect** (11:13) (e)

**00.20 The River (4:8)** (e)

**01.10 Jimmy Kimmel** (e)

**01.55 Jimmy Kimmel** (e)

**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **15.00** PGA Tour - Highlights (25:45) **16.00** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (1:4) **19.00** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** John Derre Classic - PGA Tour 2012 (2:4) **01.50** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.35** Dalziel and Pascoe **10.05** Deal or No Deal **10.40** Come Dine With Me **11.30** QI **12.30** Keeping Up Appearances **13.30** My Family **14.30** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Best of Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.50** Peep Show **22.14** Live at the Apollo **23.00** The Best of Top Gear **23.55** The Graham Norton Show **00.40** QI **01.10** Shooting Stars

## DR 1

**11.05** Hammerslag **11.35** Aftenshowet **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie i det fede USA **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Snip Snap Snude **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Håndbold **16.35** TV Avisen med Sport og Vejret **16.45** Håndbold **17.30** Mr. Bean **18.00** Håndbold **18.35** TV Avisen **18.45** Håndbold **19.30** Sommervejret **19.35** Aftentour 2012 **20.00** I nattens mørke **21.55** Starter for 10 **23.25** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**11.25** Ut i naturen **11.50** Billedbrev fra Europa **12.00** Danske slottsfruer **13.00** NRK nyheter **13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Norsk attraksjon **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett. Diamond League fra London **19.30** 20 spørsmål **20.00** Kjærlighet & ærlighet - Eggum fyller 60 år **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.10** Pop-perler fra 60-tallet **23.05** Livets skole

## svt1

**10.35** Gravid i höga klackar **11.20** Här är ditt kylskåp **11.50** Kändisbarnvakten **12.30** Schmokk **13.30** Friday night dinner **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Married Single Other **15.45** Humor godkänd av staten **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Det goda livet **17.05** Nörden och kärleken **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Friidrott. Diamond League **19.30** Eighties **20.00** Babylon A.D **21.40** Rapport **21.45** Svart bok

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Aðgengi fyrir alla

Allt frá léttum færanlegum römpum til kerfislausna



Þú færð öryggis- og velferðarvörurnar á oryggi.is

ÖRYGGI VELFERÐ

PIPAR\TBWA • SÍA

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN


ÞJÓÐHÁTÍÐ
MUGISON | BOTNLEÐJA
PÁLL ÓSKAR | JÓN JÓNSSON
HAM | DOPE DOD | BUBBI
BLÁR ÓPAL | HJÁLMAR | BLAZ ROCA
FRIÐRIK DÓR | BUFF | MAGNÚS OG JÓHANN
INGÓ OG VEÐURGUÐIRNIR | ÚLFUR ÚLFUR
VICKY | EYÞÓR INGI | BJÖRGVIN HALLDÓRS
2012 RONAN KEATING
DALURINN BÍÐUR
TUBORG
LÉTTÖL
N1
pepsi MAX
Miðasala á dalurinn.is
#dalurinn

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Eftir vandlega íhugun ætla ég að segja lagið Just Around the Corner með hljómsveitinni Cock Robin. Það gefur mér fiðring frá höfði og niður í tær.“*

Björn Bragi Arnarsson, fjölmiðlamaður og hlaupari.

# Strax byrjaðir á nýrri plötu

„Við gerðum 34 lög í vetur og völdum ellefu þar úr og settum á diskinn,“ segir Halldór Gunnar Pálsson, Fjallabróðir með meiru, um diskinn Föstudagslögin sem hann og Sverrir Bergmann gáfu út síðastliðinn föstudag.

Þeir Halldór og Sverrir hafa séð um liðinn Föstudagslögin í þáttum Auðuns Blöndal, FM95BLÖ, á útvarpsstöðinni FM957 í vetur. Þar fluttu þeir vikulega eitt þekkt lag sem þeir höfðu fært yfir í kassagítarsútgáfu. Halldór Gunnar sér um undirspilið í öllum lögunum og Sverrir syngur. „Ég vil nú meina að Sverrir geti vel spilað undir og hann vill meina að ég geti vel sungið. Ég er samt ekkert að fara að gaula með jafn æðislegan söngvara og Sverri Bergmann við hliðina á mér. Hann segist á móti ekki vilja spila á gítar við hliðina á mér, svo ætli það sé ekki fínt að halda þessu svona. Ég ætla að minnsta kosti ekki að syngja fyrr en hann tekur upp gítarinn,“ segir Halldór og hlær. Diskurinn er aðeins fáanlegur á stafrænu formi á Tonlist.is. Kaupi menn alla plötuna fylgir henni Þjóðhátíðarlagið í ár, Þar sem hjartað slær, sem er einmitt samið af Halldóri Gunnari og flutt af Sverri og rokkkórnum Fjallabræðrum. Þeir Halldór og Sverrir ætla ekki að láta hér við sitja því þeir eru með aðra plötu í vinnslu sem er væntanleg með haustinu. „Sú plata verður aðeins veigameiri en þessi. Við erum ekki búnir að ákveða endanlega hvað verður á henni en það verður einhver blanda af frumsömdu efni og lítið þekktum lögum sem við ætlum að íslenska,“ segir Halldór en öll platan verður á íslensku og hljómsveit mun annast undirspilið. **- trs**



**GOTT TVÍEYKI** Þeir Sverrir Bergmann og Halldór Gunnar eru búnir að gera 34 lög saman í vetur og stefna á áframhaldandi samstarf.


**FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM**



**Sundföt**

**frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa**

**Sundbolir**

Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 4.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Allt að 60%

**Bikiní**

Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
**frá 1.990 kr.**

Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr**

Allt að 75%

**Sundskýlur**

Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 40%

**Watershorts**

Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð:
**3.990 kr.**

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
**2.990 kr.**

Allt að 55%

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6 113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17




**VINSÆLL OG VEIT AF ÞVÍ** „Fyrsti diskurinn heitir Potturinn og hann alveg steinliggur þegar maður liggur í heita pottinum,“ segir Siggi Hlö um nýja plötu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SIGGI HLÖ: LÖG SEM MARGIR TENGJA VIÐ ÞAÐ ÞEGAR TUNGUR SNERTAST

# STELPURNAR ELSKA MIG

„Ég veit ekki betur en að ég sé með eina þátt landsins sem býður upp á að fólk geti hringt inn og flippað og verið í stuði,“ segir útvarpsmaðurinn og plötusnúðurinn Sigurður Hlöðversson, einnig þekktur sem Siggi Hlö, eða Hlö-vélin.

Siggi sendi nýlega frá sér þreföldu safnplötuna Pottapartý með Sigga Hlö. Platan er fjórða safnplatan sem kemur út í tengslum við útvarpsþáttinn Veistu hver ég var? sem er á Bylgjunni á laugardögum. Plöturnar hafa selst í yfir tíu þúsund eintökum og Siggi er handviss um vinsældir þeirrar nýjustu. „Þessi plata fer alveg pottþétt í gull, Sleikurinn mun sjá til þess.“

Platan inniheldur 57 lög sem skiptast niður á þrjá diska. „Fyrsti diskurinn heitir Potturinn og hann alveg steinliggur þegar maður liggur í heita pottinum. Þar eru lög sem flestir þekkja og geta sungið með. Annar diskurinn er Partýið en fólk getur ekki annað en hent sér á dansgólfið þegar hann er settur í tækið. Þriðji diskurinn er svo Sleikurinn,“ segir Siggi en sá diskur er meira í rólega og rómantíska kantinum. „Það var alltaf þannig í gamla daga, áður en opnunartímar skemmtistaða breyttust, að öll kvöld enduðu á vangalagi. Þá gafst fólki tækifæri til að loka dílnum, eins og maður segir. Á Sleiknum er að finna lög sem margir tengja við atvik í lífinu þar sem tungur snertast. Það er bara svoleiðis,“ bætir hann við.

Á plötunum má finna perlur fortíðarinnar sem Siggi segir oft vandfundnar. En það eru ekki bara plöturnar sem hafa slegið í gegn því þættirnir hafa verið feykivinsælir meðal landans og að sögn Sigga er aðdáendahópurinn mikið að breytast. „Fyrst voru þetta aðallega konur á mínum aldri en núna er mjög mikil hlustun hjá niður í tuttugu ára og jafnvel yngra,“ segir hann. Mikið er hringt inn í þáttinn og beðið um óskalög, en athygli hefur vakið að þættirnir þykja einkar vinsælir meðal vinkonuhópa. „Stelpurnar elska mig, það er alveg á hreinu.“

**tinnaros@frettabladid.is**

# Átján tónleikar á sama stað

Jónas Sigurðsson tónlistarmaður fagnar væntanlegri útgáfu þriðju plötu sinnar, Þar sem himin ber við haf, á nokkuð sérstakan máta. Jónas kemur fram sex sinnum í viku í félagsheimilinu Fjarðaborg á Borgarfirði eystri næstu þrjár vikur í þeim tilgangi að kynna plötu sína. Alls mun Jónas halda átján tónleika á þremur vikum.

Jónas spilar sjálfur á gítar á tónleikunum og notar tölvu en nýtur einnig liðsinnis tónlistarmannanna Ómars Gunnarssonar, Magna Ásgeirssonar og Svavars Péturs Eysteinssonar. Aðsókn á tónleikana hefur verið góð og þó að bæjarfélagið sé fámennt hafa yfir hundrað manns sótt þá tónleika sem hafa verið fram að þessu.

„Ég hef alltaf komið fram á tónlistarhátíðinni Bræðslunni sem haldin er í Borgarfirði og fundist það ofsalega gaman og bærinn fallegur. Ég er ekki að spila á Bræðslunni í ár og þá kom upp sú hugmynd að halda samt tónleika í bænum og að prófa að spila á sama staðnum aftur og aftur og aftur,“ útskýrir Jónas og viðurkennir að hann hafi ekki átt von á mörgum áhorfendum á fyrstu tónleikana og því kom það skemmtilega á óvart hversu margir hafa sótt tónleikana.

Jónas hefur þegar spilað á fimm tónleikum og á því þrettán eftir. „Þetta er vissulega áskorun og þegar líður á á ég örugglega eftir að hugsa: „Hvað var ég að pæla?“ En ég tek ekki bara lög af nýja disknum heldur einnig eldri lög og nokkur óútgefin. Svo hef ég fengið til mín gesti og þá spilum við lög eftir þá, þannig að ég er ekki alltaf að gera það sama.“ **- sm**



**TÓNLEIKARÖÐ** Jónas Sigurðsson tónlistarmaður heldur átján tónleika á þremur vikum. Tónleikarnir verða allir í Félagsheimilinu á Borgarfirði eystri.

# ÓTRÚLEGI ÚTSÖLUMARKAÐURINN
## HEFST Í DAG Í LAUGARDALSHÖLLINNI

VERÐ FRÁ 99 KR.

# TÓNLIST LEIKFÖNG OG DVD

KASTAÐU TENINGUNUM! UM HELGINA
EF TALAN ÞÍN KEMUR UPP FÆRÐU FULLA ENDURGREIÐSLU*
*LÁGMARKSKAUP: 5.000 KR
GILDIR 13. TIL 15 JÚLÍ




15% AUKA AFSLÁTTUR
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 20.000 KR.

10% AUKA AFSLÁTTUR
EF ÞÚ KAUPIR FYRIR MEIRA EN 10.000 KR.

OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA
RÚMLEGA 45.000 VÖRUR · NÝ TILBOÐ DAGLEGA

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

SAFT
EKKI TAKA ÞÁTT Í NEINU Á NETINU SEM ÞÚ VEIST EKKI HVAÐ ER!
Heimili og skóli
www.saft.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Steed Lord kynnir nýtt myndband

Íslenski fjöllistahópurinn Steed Lord sem starfar í Los Angeles í Bandaríkjunum hefur lokið við myndband við nýjasta smáskífulag sitt Hear Me Now. Steed Lord-sveitin er skipuð þeim **Svölu Björgvinsdóttur**, Einari Egilssyni og Eðvarði Egilssyni og hafa þau verið að gera það gott í Bandaríkjunum. Ásamt því að búa til tónlist hafa þau unnið að kvikmyndagerð, ljósmyndun og tískufatnaði. Nýja lagið á að koma út í þessum mánuði og er í þeirra þekkta elektró synthesizer-stíl. Myndbandið vinna þau að öllu leyti sjálf. Það hafa þau gert með flest tónlistarmyndbönd sín enda bræðurnir Einar og Eðvarð synir Egils Eðvarðssonar kvikmyndagerðarmanns.



### Aftur á topp 20

Platan My Head Is an Animal með **Nönnu Bryndísi** og félögum í hljómsveitinni Of Monsters and Men hefur verið á bandaríska Billboard-listanum í á fjórða mánuð og fór hæst í sjötta sæti, eins og frægt er orðið. Platan skaust upp í 16. sæti listans í vikunni eftir að hafa verið komin niður í það 43. Stórtónleikar í Reykjavík ollu ekki sölukippnum heldur útsala vefsíðunnar Amazon.com á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna. Tilboðið var gott og salan á plötunni rauk upp um heil 229 prósent. Geri aðrir betur.



- bþh, afb

### Mest lesið VÍSIR

1. Tannskemmdir gætu heyrt sögunni til í náinni framtíð
2. „Gras-passinn" hefur uggvænlegar afleiðingar
3. Leikarar í mafíumynd reyndust vera ekta...
4. Björn Friðfinnsson látinn
5. Stærsta skemmtiferðaskipið sem kemur





